

# SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR 2012 - 2024

## Helstu forsendur

FYLGIRIT MEÐ LÝSINGU SKIPULAGSVERKEFNIS

14. FEBRÚAR 2012



**TEIKNISTOFA  
ARKITEKTA**  
GYLFI GUÐJÓNSSON  
OG FÉLAGAR ehf.  
arkitektar faí

**Samvinnunefnd um  
svæðisskipulag Eyjafjarðar**

# EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>Staðhættir</b> .....	<b>3</b>
1.1	Skipulagssvæði .....	3
1.2	Landslag og byggðir .....	3
1.3	Veðurfar .....	5
1.4	Atvinnulíf .....	5
1.5	Samgöngur .....	6
<b>2</b>	<b>Tengsl við aðrar áætlanir</b> .....	<b>7</b>
2.1	Almennt .....	7
2.2	Aðalskipulag sveitarfélaga .....	7
2.3	Aðrar áætlanir .....	8
<b>3</b>	<b>Byggðapróun</b> .....	<b>11</b>
3.1	Byggðapróun .....	11
3.2	Megindrættir byggðamynsturs .....	11
3.3	Íbúafjöldi .....	14
3.4	Aldursdreifing .....	16
3.5	Húsnæðisþörf fram til 2023 .....	19
3.6	Horft lengra .....	19
3.7	Tengsl við aðrar áætlanir .....	20
<b>4</b>	<b>Landbúnaður</b> .....	<b>23</b>
4.1	Almennt um landbúnað og landbúnaðarland .....	24
4.2	Tengsl við aðrar áætlanir .....	28
<b>5</b>	<b>Samgöngur - vegakerfi</b> .....	<b>31</b>
5.1	Núverandi vegakerfi .....	31
5.2	Umferð .....	32
5.3	Tengsl við aðrar áætlanir .....	36
<b>6</b>	<b>Samgöngur - hafnir</b> .....	<b>37</b>
6.1	Staða .....	37
6.2	Tengsl við aðrar áætlanir .....	37
<b>7</b>	<b>Samgöngur - flugmál</b> .....	<b>39</b>
7.1	Staða .....	39
7.2	Tengsl við aðrar áætlanir .....	41
<b>8</b>	<b>Iðnaðarsvæði</b> .....	<b>44</b>
8.1	Staða .....	44
8.2	Tengsl við aðrar áætlanir .....	46
<b>9</b>	<b>Efnistökusvæði</b> .....	<b>47</b>
9.1	Viðfangsefni .....	47
9.2	Staða .....	47
9.3	Tengsl við aðrar áætlanir .....	51
<b>10</b>	<b>Vatnsvernd</b> .....	<b>53</b>
10.1	Vatnsvernd .....	53
10.2	Tengsl við lög, reglugerðir og aðrar áætlanir .....	53
10.3	Strandsvæði Eyjafjarðar .....	57
10.4	Heitt vatn, jarðhiti .....	66
<b>11</b>	<b>Flutningsleiðir raforku</b> .....	<b>68</b>
11.1	Viðfangsefni .....	68
11.2	Tengsl við aðrar áætlanir .....	68


# 1 STADHÆTTIR

## 1.1 SKIPULAGSSVÆÐI


Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2010-2030 mun ná til allra sveitarfélaganna við Eyjafjörð. Þau eru:

- Fjallabyggð (Ólafsfjarðarkaupstaður, Siglufjarðarkaupstaður)
- Dalvíkurbyggð
- Hörgársveit (í upphafi verks Arnarneshreppur og Hörgárbyggð)
- Akureyrarkaupstaður (Akureyrarkaupstaður, Hríseyjarhreppur, Grímseyjarhreppur)
- Eyjafjarðarsveit
- Svalbarðsstrandarhreppur
- Grýtubakkahreppur.

Heildarflatarmál skipulagssvæðisins er um 3.450 km<sup>2</sup>.



Mynd 1.1



Mynd 1.2

## 1.2 LANDSLAG OG BYGGÐIR

Um mitt Norðurland skerst Eyjafjörður inn í landið og markast hann af Gjögurtá að austan og Hvanndalabjargi að vestan. Að vestanverðu allt frá Siglufirði að Dalvík eru fjöll sæbrött, allt að 1000 m há. Norðan Hvanndalabjargs er Héðinsfjörður og síðan Siglufjörður, en Ólafsfjörður sunnan þess. Inn frá þessum smáfjörðum ganga stuttir dalir með takmörkuðu undirlendi. Þetta svæði tilheyrir nú sveitarfélaginu Fjallabyggð.

Mikið fjallendi skilur á milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur; þar er Ólafsfjarðarmúli nyrstur. Milli þessara dala og fjarða eru fjöll há og ill yfirferðar, enda voru byggðarlögin nyrst við Eyjafjörð lengi mjög einangruð og samgöngur helst á sjó.

Að austanverðu inn að Grenivík eru fjöll einnig sæbrött en lægri en að vestan og undirlendi víðast lítið. Fjallendið vestan fjarðar milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar er einu nafni nefnt Tröllaskagi. Fjöll eru þar há (víða yfir 1000 m) og hvassbrýnd og jökulfannir er víða að finna. Inn í þennan mikilfenglega fjallgarð skerast nokkrir dalir þar sem undirlendi er víðfeðmt og fjallshlíðar víða grösugar.

Innan Ólafsfjarðar er Svarfaðardalur, í minni hans er Dalvík. Þá tekur við Árskógsströnd þar sem eru sjávarþorpin Árskógssandur og Hauganes. Þetta svæði tilheyrir Dalvíkurbyggð. Þorvaldsdalur, nú óbyggður, gengur til suðurs milli Árskógsstrandar og Hörgárdals.

Sunnan Árskógsstrandar tekur við sveitarfélagið Hörgársveit. Nyrst er Galmaströnd en upp af henni er Hörgárdalur og Öxnadalur. Þarna er byggð all þétt en hún þynnist verulega eftir því sem innar kemur í dalina. Úr Hörgárdal er farið um Kræklingahlíð til Akureyrar. Þéttbýli er á Hjalteyri og Lónsbakka við bæjarmörk Akureyrar.

Akureyri er þungamiðja byggðar, verslunar, þjónustu og samgangna á skipulagssvæðinu. Ofan bæjarins skerst Glerárdalur inn í hálendið til suðvesturs en milli hans og Eyjafjarðardals eru margir tindar og háir s.s. Súlur (1144 og 1167 m) og Kerling, hæst fjalla á Norðurlandi, 1538 m.

Innan Akureyrar fyrir botni Eyjafjarðar er mikill dalur samnefndur firðinum. Dalurinn er breiður og grösugur en þrengist og hækkar þegar innar dregur og byggð strjálást. Byggðin er fyrst og fremst í hlíðum sitt hvorum megin mikils flatlendis sem Eyjafjarðará og þverár hennar hafa myndað með framburði sínum. Þarna er þéttbýlt, einkum neðan til og má kalla Reykárhverfi og Kristnes „þorp í miðri sveit“. Fjöll eru há á báða bóga, 800 – 1000 m en einstaka tindar hærrí (t.d. Súlur og Kerling) og afdalir nokkrir. Stærstir eru Djúpidalur og Sölvadalur.

Strandlengjan við Eyjafjörð austanverðan, gegnt Akureyri allt að Víkurskarði (Miðvíkurskarði), heitir Svalbarðsströnd og sveitarfélagið Svalbarðsstrandarhreppur. Þéttbýli er á Svalbarðseyri. Byggð þar fylgir að mestu láglendi upp af sjónum en að baki er Vaðlaheiði lágur og ávalur fjallgarður (500 – 700 m) sem nær frá Víkurskarði að Bíldsárskarði í Eyjafjarðarsveit.

Skammt sunnan Víkurskarðs eru mörk Grýtubakkahrepps. Syðsti hlutinn allt norður að Fnjóská er nefndur Kjálki. Þar er undirlendi lítið og hlíðar brattar. Norðan Fnjóskár er Höfðahverfi í eins konar hvilft milli Höfðans og Kaldbaks sem rís upp af ströndinni norðvestan og norðan byggðarinnar í Höfðahverfi. Hverfið er grösugt og í skjóli fyrir norðanáttinni. Norðan Höfðans er þéttbýlið Grenivík sem áður hefur verið nefnt. Þar norðan við er Látraströnd, nú óbyggð, og nær hún allt að Gjögurtá. Úr Höfðahverfi liggur leið um Leirdalsheiði norður í Fjörður (Þorgeirsfjörð og Hvalvatnsfjörð). Byggð var þar nokkur áður fyrr en hún var með öllu aflögð um miðja síðustu öld. Þetta er víðáttumikið svæði umlukt háum fjöllum og heiðalandi.

Í Eyjafjörð falla nokkrar vatnsmiklar ár sem flestar eru bergvatnsár. Úr Eyjafjarðardal fellur Eyjafjarðará sem hefur myndað víðáttumikið óshólmasvæði innan Akureyrar. Úr Fnjóskadal fellur Fnjóská um Dalsmynni en óshólmar hennar, miklir og sérstakir, eru í Höfðahverfi. Að vestan eru helstu ár Hörgá sem fellur um Hörgárdal og Svarfaðardalsá sem fellur um Svarfaðardal til sjávar sunnan Dalvíkur. Á milli þeirra er Þorvaldsdalsá sem mætir sjó milli þéttbýlisstaðanna Árskógssands og Hauganess. Bleikjuveiði er í öllum þessum ám og í Fnjóská veiðist einnig nokkuð af laxi. Af bleikjuánum mun Eyjafjarðará einna gjöfulust. Glerá er jökulá sem rennur um Glerárdal til ósa á Akureyri.

Frá mynni Eyjafjarðar og að óshólmum Eyjafjarðarar innan Akureyrar<sup>1</sup> eru rúmlega 60 km. Breiðastur er Eyjafjörður 10 - 15 km norðan til og verður breiðastur nokkuð innan við Hrísey þ.e. um miðjan fjörð. Eftir það tekur hann að mjókka, mest eftir því sem innar dregur. Frá fjarðarbotni fram í botn Eyjafjarðardals eru um það bil 50 km til viðbótar<sup>2</sup> þannig að heildarlengd Eyjafjarðar er um 110 km. Eins og gefur að skilja er veðurfar á svo langri leið nokkuð ólíkt enda landslag, sem nokkru ræður um veðurfar, það einnig.

Fornar skógarleifar finnast helst í Leyningshólum í Eyjafjarðarsveit og Dalsmynni. Víða í héraðinu hefur skógur verið ræktaður á undanförunum áratugum með góðum árangri. Bæði er um að ræða minni reiti á einstökum jörðum og svæði sem eru tugir hektara. Þessi svæði verða sífellt sýnilegri eftir því sem árin líða.

### 1.3 VEÐURFAR

Á svæðinu norðan Ólafsfjarðarmúla, þar sem hinni eiginlegu eyfirsku byggð lýkur að sumra mati, er veðurfar kaldara en þegar innar dregur og hafnæðingur tíður. Snjóþyngsli á hálandinu vestan fjarðarins eru mikil og byggðin fer ekki varhluta af þeim. Þegar innar dregur eru snjóþyngsli einna mest í Svarfaðardal og næsta nágrenni og að austanverðu í Höfðahverfi. Í norðaustanátt getur mikinn snjó sett niður í fjallendinu austan fjarðar og þar einnig í byggð inn í miðja Eyjafjarðarsveit. Þar tekur við svæði sem oft er snjóléttara.

Úrkoma (rigning) að sumri fylgir að mestu sama mynstri. Segja má að veðurfar einkennist í megindrattum af frekar köldum og snjóþungum vetrum en stuttum og nokkuð hlýjum sumrum þótt síðustu 10 – 15 árin hafi snjóþungi verið minni en í áratugi þar á undan og sumur að sama skapi lengri.

Eftirfarandi tafla sýnir ákveðinn veðurfarslegan mismun á milli útnesja (Siglunes) og innsveita (Akureyri) á tímabilinu 1931 - 1960:

Staður	Meðalhiti ársins (°C)	Meðalhiti júlí (°C)	Meðalhiti febrúar (°C)	Meðal árs-úrkoma (mm)
Siglunes	3,7	9,0	-0,8	629
Akureyri	3,9	10,9	-1,6	474

### 1.4 ATVINNULÍF

Við Eyjafjörð er almennt talið gott undir bú enda héraðið mikið landbúnaðarhérað og þéttbýlt. Heyskapartíð er almennt góð og hefyngur mikill. Kornrækt er mikið stunduð, mest í Eyjafjarðarsveit. Búfjárafurðir eru fyrst og fremst mjólkurafurðir. Sauðfjárrækt hefur verið á undanhaldi og dregist verulega saman á síðustu tveimur áratugum. Framleiðendum búfjárafurða og jörðum í búrekstri hefur líka fækkað verulega á sama tíma. Þrátt fyrir það hefur ekki orðið samdráttur í mjólkurframleiðslu.

Kaupstaðirnir við utanverðan fjörðinn og sjávarþorpin byggðust upp í kring um fiskveiðar og fiskvinnslu. Síldarárin voru uppgangstími þessara staða og enn í dag er útgerðin kjölfesta atvinnulífsins. Akureyri byggðist upphaflega upp sem verslunarstaður en síðar sem þungamiðja þeirrar fjölbreyttu atvinnustarfsemi og iðnaðar sem Kaupfélag Eyfirðinga og SÍS byggðu upp á fyrri hluta 20. aldar og fram á 8. áratuginn bæði þar og á öðrum stöðum við Eyjafjörð.

Framhaldsskólarnir hafa skipt miklu máli fyrir menningar- og atvinnulíf Akureyrar og héraðsins alls, fyrst Menntaskólinn, síðan Verkmenntaskólinn og loks Háskólinn á Akureyri. Skólarnir ásamt sjúkrahúsinu (FSA) eru stórir vinnustaðir sem breikka atvinnuframboð héraðsins verulega. Sú kreppa sem skall á með falli Sambandsverksmiðjanna var að nokkru vegin upp með stofnun Háskólans auk þess sem smáger og fjölbreytt

<sup>1</sup> Frá miðpunkti beinnar línu milli ystu skaga í loftlínu að óshólmum.

<sup>2</sup> Loftlína frá óshólmum að 400 m hæð yfir sjávarmáli í dalbotni.


atvinnulíf og uppbygging öflugra útgerðarfélaga tók við hlutverki hinna gömlu, stóru vinnustaða.

Akureyri er þungamiðja verslunar, þjónustu, samgangna og menningarstarfsemi í héraðinu. Góðar samgöngur eru forsenda þess að öll byggðin við Eyjafjörð njóti þeirra eiginleika.

Ekki verður sérstaklega fjallað um atvinnulíf í svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012.

## 1.5 SAMGÖNGUR

Hringvegurinn, vegur nr. 1, liggur um Öxnadalshéiði og niður Öxnadal og Hörgárdal til Akureyrar. 50 km eru frá sýslumörkum á miðri Öxnadalshéiði til Akureyrar. Þaðan heldur vegurinn áfram austur yfir Eyjafjörð um svonefndan Leiruveg, norður Svalbarðsströnd og um Víkurskarð austur um. Önnur leið til Eyjafjarðar liggur út Skagafjörð að austan um Siglufjörð, Héðinsfjörð og Ólafsfjörð til Dalvíkur. Leiðin liggur um fern veggöng, Stákagöng, tvenn Héðinsfjarðargöng og Múlagöng. Einnig liggur sumarvegur um Fljót og yfir Lágheiði til Ólafsfjarðar



Ferjusamgöngur eru við Hrísey frá Áskógssandi og Grímsey frá Dalvík. Frá Akureyrarflugvelli er áætlunarflug til Reykjavíkur og nokkurra staða á Norð-austurlandi. Auk þess er þaðan áætlunarflug til Evrópu á sumrin.

Mynd 1.3

## 2 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

### 2.1 ALMENNT

Gerð er grein fyrir tengslum svæðisskipulagsins og skipulagsvinnunnar við aðrar skipulagsáætlanir, markmið laga, stefnu stjórnvalda og alþjóðasamninga eftir því sem við á í köflum 3 - 10.

### 2.2 AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGA

Í gildi er aðalskipulag í öllum sveitarfélögum á skipulagssvæðinu, bæði nýleg og frá síðustu öld. Ekki hefur verið unnið heildarskipulag Hörgársveitar eftir sameiningu Hörgárbyggðar og Arnarneshrepps og ekki heldur heildarskipulag Akureyrar eftir sameiningu við Hríseyjarhrepp og Grímseyjarhrepp.

Efnisþættir nýs svæðisskipulags skipta mismiklu máli gagnvart aðalskipulagi sveitarfélaganna. Þótt allir þættirnir snerti öll sveitarfélögin á einhvern hátt, þar sem um er að ræða sameiginleg viðfangsefni, hafa einstaka þættir ólík áhrif og vægi í skipulagi þeirra. Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir helstu snertifleti aðalskipulags og nýs svæðisskipulags, þ.e. hvar framkvæmdir eða framfylgd stefnu mun helst hafa áhrif.

	Bygðapróun	Samgöngur - hafnamál	Samgöngur- vegamál	Stóriðnaðarsvæði	Landbúnaðarland	Efnistökusvæði	Vatnsverndarsvæði	Strandsvæði Eyjafjarðar, flokkun	Veitukerfi, raflínur
Fjallabyggð		+	+				+	+	
Dalvíkurbyggð	+		+	+	+	+	+	+	
Hörgársveit	+	+	+	+	+	+	+	+	+
Akureyrarbær		+				+	+	+	+
Eyjafjarðarsveit	+				+	+	+	+	+
Svalbarðsstrandarhreppur	+				+	+	+	+	
Grýtubakkahreppur	+				+	+	+	+	

#### STAÐA AÐALSKIPULAGS SVEITARFÉLAGANNA Á SKIPULAGSSVÆÐINU:

- Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028 var staðfest 22. desember 2010.
- Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020 var staðfest 24. ágúst 2009.
- Unnið er að nýju aðalskipulagi fyrir Hörgársveit, sameinað sveitarfélag Arnarneshrepps og Hörgárbyggðar.
  - Í gildi er aðalskipulag Arnarneshrepps 1997-2017.
  - Aðalskipulag Hörgárbyggðar 2006-2026 var staðfest í febrúar 2009.
- Ekki hefur verið unnið nýtt aðalskipulag eftir sameiningu Akureyrarkaupstaðar, Hríseyjarhrepps og Grímseyjarhrepps.
  - Aðalskipulag Grímseyjarhrepps 1996-2016 var staðfest 18.7.1987.
  - Aðalskipulag Hríseyjarhrepps 1988-2008.
  - Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 var staðfest 15.12.2006.
- Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 var staðfest 22. nóvember 2007.

- Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020 var staðfest 5.9.2008.
- Aðalskipulag Grýtubakkahrepps 2010-2022 var staðfest 21.12.2011.

## 2.3 AÐRAR ÁÆTLANIR

Eftirtaldar áætlanir, sem ekki er getið sérstaklega í köflum 3-10, fela í sér almenn markmið og viðmiðanir, sem hafðar skulu til hliðsjónar í allri skipulagsvinnu.

### 2.3.1 NÁTTÚRUVERNÐARÁÆTLUN

Náttúruvernd er ekki viðfangsefni nýs svæðisskipulags Eyjafjarðar. Áform náttúruverndaráætlunar um skilgreiningu náttúruverndarsvæða verða því ekki tekin upp í svæðisskipulaginu heldur verður unnið úr þeim í aðalskipulagi sveitarfélaga.

Náttúrfarar og náttúruverndarsjónarmið eru umhverfisþættir, sem taka skal mið af við mat og val skipulagskosta þar sem það á við.

### 2.3.2 NÁTTÚRUVÁ

Ekki liggur fyrir sérstök áætlun eða heildstætt hættumat vegna náttúruhamfara. Í gildi eru staðlar um hönnunarforsendur mannvirkja vegna jarðskjálfta, Veðurstofan hefur metið og látið meta hættu á ofanflóðum og hætta á sjávarflóðum hefur verið metin víða.

Í nýju svæðisskipulagi verða ekki afmarkaðir landnotkunarreitir af nákvæmni heldur sett stefna í viðkomandi málaflokkum. Í aðalskipulagi sveitarfélaganna skal tekið mið af hættumati og afmörkun hættusvæða þar sem það á við. Við undirbúning einstakra framkvæmda s.s. jarðganga, raforkulína og hafna, skal meta hættu vegna jarðskjálfta, ofanflóða, vatnsflóða og veðurs eftir því sem við á hverju sinni. Hættumat verður ekki sérstakt umfjöllunarefni nýs svæðisskipulags en skiptir máli við mat einstakra þátta (t.d. endurbóta á samgöngukerfi, jarðganga).

### 2.3.3 BYGGÐAÁÆTLUN 2006-2009

Unnið er að Byggðaáætlun 2010-2013. Alþingi samþykkti 3.6.2006 ályktun um gerð stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2006-2009. Eftirfarandi meginmarkmið voru lögð til grundvallar:

- „Að landshlutakjarnar verði eflir en jafnframt hugað sérstaklega að leiðum til þess að treysta búsetu í þeim byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun.
- Að byggðarlög nái að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum á atvinnuháttum.
- Að atvinnulíf, menntun, menning og félagslegt jafnræði verði styrkt á landsbyggðinni.

Sérstök áhersla verði lögð á gildi menntunar og menningar, aukna nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarfsemi, bættar samgöngur og fjarskipti og styrkingu landshlutakjarnanna Akureyrar, Ísafjarðar og Miðausturlands og annarra mikilvægra atvinnu- og þjónustumiðstöðva á landsbyggðinni.”<sup>3</sup>

Á gildistíma áætlunarinnar skulu stjórvöld hafa þrjú meginatriði að leiðarljósi:

- Að stórefla menntun á landsbyggðinni.
- Að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni.
- Að efla Byggðastofnun og gera henni kleift með framlögum í fjárlögum að sinna mikilvægum verkefnum á sviði byggðamála.

Meðal helstu aðgerða sem gripið verði til í því skyni að ná markmiðum áætlunarinnar eru:

<sup>3</sup> Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009. 3.6.2006.



- 1 Bættar samgöngur.
- 8 Styrking atvinnuþróunar.
- 18 Uppbygging ferðaþjónustu.

Í nýju svæðisskipulagi Eyjafjarðar verður fjallað um nýframkvæmdir til þess að bæta samgöngur við aðliggandi landsvæði. Bættar samgöngur og möguleikar á atvinnuuppbyggingu, sem byggist á orkunýtingu og hafnaraðstöðu skipta miklu fyrir atvinnuþróun svæðisins. Einnig skipta bættar samgöngur miklu fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu. Stefna og útfærsla svæðisskipulagsins getur í þessu tilliti stutt markmið byggðaáætlunar.

#### **2.3.4 VELFERÐ TIL FRAMTÍÐAR**

Í ritinu Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, felst stefna stjórnvalda í umhverfismálum til 2020. Þar er fjallað um umhverfismál í víðum skilningi og sett markmið um umhverfi og samfélag með hliðsjón af hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Helstu efnisþættir eru:

- Heilnæmt og öruggt umhverfi.
- Verndun náttúru Íslands.
- Sjálfbær nýting auðlinda.
- Hnattræn viðfangsefni.

Við gerð svæðisskipulagsins skal taka mið af þeirri stefnu stjórnvalda, sem sett er fram í ritinu eftir því sem við á hverju sinni. Í 2. hluta stefnunnar, Markmið og leiðir, koma fram efnisatriði og markmið, sem ber að miða við þegar ákvarðanir um stefnu og útfærslu svæðisskipulagsins verða teknar.

#### **2.3.5 MARKMIÐ Í LÖGUM OG REGLUGERÐUM SKIPULAGS- OG BYGGINGARLÖG NR. 123/2010**

Skipulags- og byggingarlög eru meginlagarammi allrar skipulagsgerðar. Meginmarkmið laganna er ein af forsendum skipulagsins.

Meginmarkmið skipulags- og byggingarlaga er:

- a) að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi,
- b) að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,
- c) að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulagsmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi,
- d) að tryggja að samráð sé haft við almenning við gerð skipulagsáætlana þannig að honum sé gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð slíkra áætlana,
- e) að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar við gerð skipulagsáætlana varðandi útlit bygginga og form og aðgengi fyrir alla.

#### **LÖG UM UMVERFISMAT ÁÆTLANA NR. 105/2006**

Lög um umhverfismat áætlana eru leiðbeinandi og ráðandi um verkáætlanir og vinnuaðferðir. Við gerð skipulagsins verða þar sem það á við bornir saman skipulagskostir metnir m.a. með hliðsjón af umhverfissjónarmiðum í samræmi við ákvæði laganna.

1. gr. Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Það skal gert með umhverfismati tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana stjórnvalda sem líklegt er að hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfið.

### **2.3.6 ALÞJÓÐASAMNINGAR UM NÁTTÚRUVERNÐ**

Svæðisskipulagið tekur ekki til þátta er heyra undir alþjóðasamninga um náttúruvernd eða hafa bein áhrif á viðfangsefni þeirra s.s. samninga um fuglavernd, votlendi, villtar plöntur og dýr og um líffræðilega fjölbreytni.

## 3 BYGGÐAÞRÓUN

---

### 3.1 BYGGÐAÞRÓUN

Með byggðaðþróun er hér fyrst og fremst átt við byggðamynstur eða fyrirkomulag og eiginleika byggðarinnar á skipulagssvæðinu. Með byggðamynstri er vísað í starfhæfa heild íbúðarbyggðar, atvinnusvæða, þjónustu og útivistarsvæða auk þjónustukerfa s.s. vega og veitukerfa sem nauðsynleg eru. Ákvarðanir um byggðamynstur hafa langtímaáhrif á samfélagið.

### 3.2 MEGINDRÆTTIR BYGGÐAMYNSTURS

Búseta og byggð við Eyjafjörð hefur fyrst og fremst mótast af grunnatvinnuvegunum, landbúnaði og sjávarútvegi. Eyjafjörður er mikið landbúnaðarhérað með blómlegum sveitum og mörgum stórbýlum. 14 þéttbýlisstaðir eru á svæðinu að meðtöldri byggðinni í Hrísey og Grímsey. Akureyri sker sig úr vegna stærðar með rúmlega 17.000 íbúa. Akureyri er þungamiðja verslunar, þjónustu, samgangna og menningarstarfsemi á svæðinu. Þrír bæir eru með um og yfir þúsund íbúa, Siglufjörður, Ólafsfjörður og Dalvík (852-1435). Þorpin eru talsvert minni, flest með um 90-260 íbúa en Kristnes og Hjalteyri skera sig þar úr með nokkuð færri íbúa.

#### 3.2.1 ÞÉTTBÝLI

Þéttbýli utan Akureyrar er í grófum dráttum tvenns konar. Annars vegar sjávarpláss þar sem útgerð og fiskvinnsla eru eða hafa verið undirstaða atvinnulífs og forsenda búsetu; Siglufjörður, Ólafsfjörður, Dalvík, Árskógssandur, Hauganes, Hjalteyri og Grenivík auk Hríseyjar og Grímseyjar. Hins vegar eru staðir, sem byggst hafa upp í tengslum við þjónustu og verslun við nærliggjandi byggðir; Kristnes (spítali), Reykárhverfi (skólar og opinber þjónusta) og Svalbarðseyri (verslun, sem lagst hefur af, skólar). Meginforsenda þéttbýlis á Lónsbakka syðst í Hörgársveit er náþýlið við Akureyri.

#### 3.2.2 SVEITIN

Víða er þéttbýlt í sveitum Eyjafjarðar. Bæði er þar um að ræða þetta byggð sveitabæja eða sveitabæi þar sem margbýlt er og íbúðarbyggð án tengsla við landbúnað. Þyrping íbúðarhúsa er í Laugahlíð í Svarfaðardal, þéttbýlt er á Möðruvöllum í Hörgárdal og austan fjarðar hefur talsverð íbúðarbyggð risið syðst í Svalbarðsstradarhreppi og nyrst í Eyjafjarðarsveit. Þar hafa landeigendur haft frumkvæði að því að skipuleggja íbúðarbyggð og afmarka lóðir til sölu. Að mestu leyti er þar um að ræða land sem ekki telst hentugt til landbúnaðarframleiðslu. Einnig liggja fyrir samþykktar skipulagsáætlanir og drög að skipulagi nýrra svæða í Eyjafjarðardal vestanverðum t.d. í landi Kropps norðan Reykárhverfis.

#### 3.2.3 ÍBÚÐARBYGGÐ Í SVEITINNI

Íbúðarbyggð í sveitinni hefur fyrst og fremst vaxið að frumkvæði landeigenda, sem hafa fengið breytt landnotkun á landi sínu og sjálfir látið vinna tillögur að skipulagi byggðar. Landeigendur hafa með þessu svarað eftirspurn eftir lóðum með ákveðna eiginleika og byggð sem lýtur öðrum skilmálum og gjöldum en byggð í þéttbýli. Sú eftirspurn var talsverð um tíma og hafði mikil áhrif á verðlagningu jarða. Við efnahagshrunið fjaraði undan þessum væntingum en eftir standa skipulagsáætlanir, þar sem gert er ráð fyrir nokkur hundruð íbúðarhúsum í nokkrum hverfum eða þyrpingum í sveitinni.

Ásókn í að breyta landnotkun landbúnaðarlands til þess að afmarka íbúðarlóðir til sölu hefur fyrst og fremst verið í grennd við Akureyri. Fyrir liggur skipulag nokkurra húsapýrpinga, sem flestar eru á rýru landbúnaðarlandi (t.d. brattlendi eða lítil tún, m.a. í Kaupangssveit, við Reykárhverfi og í suðurhluta Svalbarðsstrandarhrepps) en einnig hefur góðu landbúnaðarlandi verið ráðstafað í skipulagi undir íbúðarbyggð.

Fjárhagslegar forsendur eru nú gerbreyttar en eftir sem áður er búseta í sveitinni ákveðinn valkostur sem höfðar til margra. Nálægð við opið land og náttúru eru mikilvægir eiginleikar slíkrar byggðar þótt ekki hafi alltaf verið gætt að því í skipulagi. Stórar lóðir og fjarlægð til næstu granna er einnig kostur, sem ekki er hægt að koma til móts við í bæjunum. Frumbyggjar slíkra byggða sem sækja í þessa kosti setta sig við ókostina, fjarlægð frá þjónustu, skólum og verslunum, ófullkomnara vegagerfi, annað fyrirkomulag sorphirðu og snjómoksturs en í þéttbýli o.s.frv. Væntingar og kröfur íbúa geta hins vegar breytst með hækkandi aldri íbúanna og þegar hús ganga kaupum og sölum. Sennilegt er að með tímanum geri íbúar þessara byggða kröfu um þjónustu til jafns við aðra íbúa sveitarfélagsins. Margt bendir til þess að rekstur og viðhald vega og lagnakerfa lendi því smám saman á sveitarfélaginu þótt hugmyndin hafi upphaflega verið sú að landeigandi eða húsfélag íbúa sæi um það.

Ódýr orka er ein forsenda gisinnar byggðar og gæti hækkandi orkuverð því haft áhrif á spurn eftir búsetukostum í sveitinni. Íbúðarbyggð í sveit verður varla þjónað með almenningsamgöngum. Allar ferðir til vinnu, í skóla, verslun, félagsstarf o.þ.h. verða bílferðir með einkabíl. Einnig gæti verið ástæða til þess að huga að því hvort hætta sé á félagslegri einangrun t.d. barna, unglinga eða aldraðra í gisnum sveitabyggðum.

Svo nefnd búgarðabyggð eða smábýlabyggð hefur einnig verið skipulögð á nokkrum stöðum. Þar er jafnvel gert ráð fyrir skepnuhaldi og er því búsetukostur, sem seint verður mætt í þéttbýli eða öðrum íbúðarbyggðum. Í Dalvíkurbyggð er t.d. gert ráð fyrir búgarðabyggð í næsta nágrenni við Hauganes, þ.e. göngufjarlægð, þannig að sú þjónusta sem þar er veitt nýtist henni.


### 3.2.4 GREINING

Búsetukostir eru fjölbreyttir í Eyjafirði og hafa byggðirnar ólíkt yfirbragð. Þéttbýlið hefur mismunandi eiginleika og er bæjarmynd hvers staðar umgjörð um mannlíf og atvinnulíf hans. Íbúðarbyggðin í sveitinni er annars eðlis og byggist á þjónustu- og atvinnusókn út fyrir viðkomandi svæði. Eftirsóknarverðir eiginleikar hennar eru hins vegar nálægð og góð tengsl við náttúru og opið land svo og stórar lóðir, sem ekki er hagkvæmt að bjóða upp á í bæjunum. Sveitabæirnir eru enn eitt búsetuformið, hefðbundið frá fornu fari, þar sem búseta og atvinna tvinnast saman og nýting landsins gæða er forsenda búsetunnar.

Á mynd 3.1 eru sýnd íbúðarsvæði utan þéttbýlis samkvæmt gildandi aðalskipulagi sveitarfélaganna. Einnig er þar sýnd búgarðabyggð við Hauganes og smábýlahverfi við Hólshús í Eyjafirði. Með daufum lit er sýnt hvar hugsanlegt er að skipuleggja íbúðarbyggð miðað við skýringarmyndir og/eða ákvæði í aðalskipulagi (rýrt landbúnaðarland í Svalbarðsstrandarhreppi og svæðið norðan bæjarmarka Akureyrar). Greinilegt er að byggðin í sveitinni sækir í nálægð við atvinnu- og þjónustuframboð Akureyrar fyrst og fremst en einnig Reykárhverfis. Fyrirhuguð íbúðarbyggð að Gásum er frávik frá þeirri reglu.

#### ÓLÍKIR BÚSETUKOSTIR Í EYJAFIRÐI

- Stór kaupstaður.
- Útgerðarbær.
- Sjávarþorp.
- Sveitaþorp.
- Íbúðarbyggð í sveit.
- Sveitabær.



Mynd 3.1. Íbúðarbyggð í sveit.

### 3.3 ÍBÚAFJÖLDI

Gögn um íbúafjölda á skipulagssvæðinu eru fengin hjá Hagstofu Íslands. Upplýsingar um íbúafjölda í bæjum eru ekki frá sama tíma og upplýsingar um heildaríbúafjölda.


Sveitarfélag	Íbúar í bæjum 1. jan 2010	Samtals 1. des. 2010
Fjallabyggð		2.037
Siglufjörður	1.214	
Ólafsfjörður	852	
Dalvíkurbyggð		1.958
Dalvík	1.435	
Hauganes	128	
Árskógssandur	142	
Hörgársveit		599
Lónsbakki	93	
Hjalteyri	44	
Akureyrarkaupstaður		17.728
Akureyri	17.295	
Hrísey	186	
Grímsey	89	
Eyjafjarðarsveit		1.029
Kristnes	51	
Reykárhverfi	258	
Svalbarðsstrandarhreppur		398
Svalbarðseyri	258	
Grytubakkahreppur		334
Grenivík	249	
<b>Samtals</b>	<b>22.294</b>	<b>24.083</b>

Tæp 72% íbúa skipulagssvæðisins búa á Akureyri (73,6 í sveitarfélaginu Akureyri). Rúm 20% búa í öðrum bæjum og 7,4% búa í sveit (utan þéttbýlis).


Íbúum á Íslandi fækkaði í kjölfar hrunsins árin 2009 og 2010. Fólksfækkun var á öllum landssvæðum 2009 en 0,4% fjölgun varð í Eyjafirði árið 2010.

Talsverður munur er á íbúaþróun sveitarfélaganna á skipulagssvæðinu á árabílinu 1997-2010. Íbúum Eyjafjarðar fjölgaði um 7,26 % á þessum árum, rúmlega 25% fólksfækkun var í Fjallabyggð, 15% fjölgun á Akureyri, tæplega 11% fjölgun í Eyjafjarðarsveit og rúmlega 16% fjölgun í Svalbarðsstrandarhreppi á sama tíma. Í fámennum sveitarfélögum vegur hver íbúi þungt í öllum hlutfallareikningi. Þar geta litlar breytingar því orðið að háum prósentutölum.

Íbúafjöldi sveitarfélaga í Eyjafirði 1997-2010



Mynd 3.2. Íbúafjöldi í Eyjafirði.




Mynd 3.3. Íbúaþróun eftir byggðakjörnum, árleg breyting 2005-2009.

Heimild: Hagtíðindi 16. mars 2010.

Hagstofan hefur sett fram mannfjöldaspá fyrir allt landið til ársins 2060. Ekki eru unnar spár fyrir einstaka landshluta. Spáin er þrífætt, lágspá, miðspá og háspá, og sýnir þannig ákveðin vikmörk eða óvissu.

Til þess að áætla líklegan íbúafjölda í Eyjafirði við lok skipulagstímabilsins má yfirfæra spá Hagstofunnar fyrir allt landið á mannfjöldatölur hér, þ.e. nota sömu áætlun um fjölgun milli ára og þar er gert. Þetta er ákveðin einföldun þar sem litið er fram hjá misimunandi aldursdreifingu og fleiri þáttum, sem áhrif hafa á reikninga sem þessa.

Tilgangurinn er að fá grófa mynd af líklegri þróun en ekki nákvæma áætlun. Þessi aðferð er því nægilega nákvæm eða hæfilega ónákvæm í samræmi við eðli verkefnisins. Einnig er til samanburðar settur fram einfaldur framreikningur samkvæmt meðaltalsfjölgun undanfarandi ára (0,54% árleg fjölgun).



Mynd 3.4. Mannfjöldaspá fyrir Eyjafjarðarsvæðið til 2060.

Miðað við þessar forsendur má ætla að íbúafjöldi á skipulagssvæðinu verði á bilinu 25.700 til 27.100 árið 2022.

Ef miðað er við háspá Hagstofunnar má ætla að íbúar Eyjafjarðar verði 35.000 um árið 2050. Samkvæmt lágspánni, svartsýnisspá, myndi íbúatalan ekki ná 30.000 á næstu 50 árum.


### 3.4 ALDURSDREIFING

Aldursdreifing á Norðurlandi eystra er svipuð og í öðrum landshlutum utan höfuðborgarsvæðisins. Aldurshópurinn 30-39 ár er hlutfallsega fámennastur en ungt fólk á aldrinum 10-19 ára er fjölmennasti hópurinn. Á aldursþýramídanum á mynd 3.7 má vel greina stóru árgangana sem nú eru komnir á miðjan aldur.


Áhyggjuefni er lágt hlutfall fólks á barneignaaldri. Hluti skýringar á því er brottflutningur úr héraði vegna framhaldsnáms en aldurshópurinn sækir á höfuðborgarsvæðið og í stærri bæi.

Mannfjöldapýramídan ætti að vera okkur áhyggjuefni og gefa tilefni til þess að spá í aðstæður og umhverfi barnafólks, bæði hvað snertir skatta, húsnæðismál og skólamál. Ástæða er einnig til þess að hafa verulegar áhyggjur af öldrunarmálum þegar stóru árgangarnir komast á „umönnunarstig“. Í stuttu máli: Æ færri vinnandi verða að standa undir rekstri samfélags með ört stækkandi hópi aldraðra. Þörf er fyrir samfélagsgerð sem styður við barnafólk, hvetur til barneigna, og styrkir með því grundvöll framtíðarvelferðar.







Mynd 3.5. Mannfjöldapyramídi, allt landið 2010. Hagtíðindi 16. mars 2010.




Mynd 3.6. Mannfjöldapyramídi fyrir höfuðborgarsvæðið.




Mynd 3.7. Mannfjöldapyramídi fyrir Norðurland eystra.




Mynd 3.8. Eyjafjörður frá Fjallabyggð að Grýtubakkahreppi.




Mynd 3.9. Akureyri (án Hríseyjar og Grímseyjar).




Mynd 3.10. Siglufjörður, Ólafsfjörður, Dalvík.



Mynd 3.11. Grímsey, Hrísey, Hauganes, Árskógssandur, Grenivík.




Mynd 3.12. Lónsbakki, Hrafnagil, Svalbarðseyri.




Mynd 3.13. Allt þéttbýli á Íslandi

Aldurskipting á Eyjafjarðarsvæðinu öllu og á Akureyri er nokkuð áþekkt aldurspýramída landsins alls. Eðlilegt er að frávik verði grófari í fámennara úrtaki eins og sést í sveitaþorpunum. Aldursdreifing í sveitum vîkur verulega frá meginlínunum og gefur tilefni til nánari skoðunar. Athyglisvert er hátt hlutfall aldraðra þar og fólks yfir fimmtugu. Hátt hlutfall barna og ungmenna í sveitaþorpum Eyjafjarðar vîsar e.t.v. til ákveðinna jákvæðra umhverfisþátta, m.a. nálægð við skóla.



Mynd 3.14. Utan þéttbýlis með Hjalteyri og Kristnesi.



Mynd 3.15. Allt dreifbýli á Íslandi.

Aldursskipting í sveitum Íslands vîkur í meginráttum frá aldurshlutföllum heildarinnar. Í Eyjafirði er myndin ýktari þar sem hátt hlutfall aldraðra vekur sérstaka athygli. Lág hlutfall barna og unglínga vekur einnig spurningar. Sveitir Eyjafjarðar eru fjölmennar, þar

búa um 12,5% af íbúum í sveitum landsins og eru frávikin frá meðaltalinu furðu mikil miðað við það.

Í sveitinni eru taldir sveitabæir annars vegar og íbúðarbyggð í sveit hins vegar s.s. byggðin syðst í Svalbarðsstrandarhreppi, Kaupangssveitin, Laugarhlíð í Svarfaðardal o.fl. auk Hjalteyrar og Kristness, sem ekki eru með í tölum Hagstofunnar yfir þéttbýli.

### 3.5 HÚSNÆÐISÞÖRF FRAM TIL 2023

Fyrir liggja gögn frá Fasteignamati ríkisins um fjölda íbúða 2007. Þá voru 9.547 íbúðir á skipulagssvæðinu. Að meðaltali voru því 2,5 íbúar í hverri íbúð það ár. Þessi tala lækkar jafnt og þétt með minnkandi fjölskyldum (lægre fæðingartíðni), hækkandi meðalaldri og fleiri einhleypingum, sem halda heimili. Sú breyting var nokkuð hröð síðustu árin fyrir hrun m.a. vegna æðibunugangs á fasteignamarkaði, hraðari en gert hafði verið ráð fyrir. Hins vegar hægir hrúnið á þessum breytingum þannig að jafnvel þótt miðað verði við óbreyttan meðalíbúafjölda í íbúð (íb/íbúð) fram til 2023 ættu reikningar að verða innan hæfilegra skekkjumarka.

Íbúum mun væntanlega fjölga á skipulagssvæðinu um 1.700 til 3.100 á skipulagstímabilinu. Miðað við 2,5 íbúa í hverri íbúð felur þetta í sér þörf fyrir 680 - 1.240 íbúðir. Til þess að átta sig á landþörf má setja upp einfalt dæmi um skiptingu nýrra íbúða á mismunandi umhverfi:

- 70% á Akureyri. Þéttleiki byggðar um 20 íbúðir á hektara (íb/ha, ha=100x100m). Blönduð byggð fjölbýlishúsa, raðhúsa og einbýlishúsa á hóflegum lóðum.
- 20% í öðrum bæjum (þéttbýli). Þéttleiki byggðar um 10 íb/ha. Að mestu hefðbundin einbýlishúsabyggð.
- 10% í sveitinni. Íbúðarbyggð í sveit með þéttleikann 3 íb/ha. Byggð á sveitabæjum óskilgreind en látin vera innifalin til einföldunar.

	Þéttleiki byggðar	Hlutfall	Lágspá	680 íbúðir	Háspá	1240 íbúðir
			Fjöldi íbúða	landþörf ha	Fjöldi íbúða	Landþörf ha
Akureyri	20 íb/ha	70%	476	24	868	43
Annað þéttbýli	10 íb/ha	20%	136	14	248	25
Sveitin	3 íb/ha	10%	68	23	124	41

Landþörf fyrir þau 10% íbúðarbyggðar sem hér eru sett í gisna byggð utan þéttbýlis er nánast jafn mikil og landþörf þeirra 70% sem sett eru á Akureyri. Flatarmálið gefur vísbendingu um umfang þjónustukerfa, vega og veitukerfa.

Nú má pæla í því hvernig íbúarnir dreifist og hvar ný byggð rísi. T.d. er hugsanlegt og sennilegt að íbúafjöldi á Siglufirði og Ólafsfirði verði stöðugri með bættem samgöngum. Þróun atvinnulífsins skiptir sköpum fyrir alla staðina og því gætu hugsanlegar aðgerðir eða aðgerðaleyfi í fiskveiðistjórnarmálum haft afgerandi áhrif á viðgang þeirra. E.t.v. er þáttur Akureyrar vanreiknaður í dæminu hér að ofan og hlutur sveitarinnar ofreiknaður enda er dæmið ekki sett upp sem spá heldur skýring.

### 3.6 HORFT LENGRA


Miðað við háspá um mannfjölda má reikna með að árið 2040 hafi íbúum Akureyrar fjölgað um 5.700 manns. Þörf yrði fyrir um 2.300 íbúðir og um 114 ha byggingarlands. Um það bil 1.100-1.200 íbúðir þarf í eitt skólahverfi með tveggja hliðstæðna grunnskóla (tvær bekkjardeildir í árgangi). Stækkunin samsvarar því tveim nýjum skólahverfum.

Á sama hátt má reikna með að árið 2060 hafi íbúum Akureyrar fjölgað um 10.000 og verði rúmlega 27.000. Byggja þyrfti 4.000 nýjar íbúðir og landþörf fyrir þær er um og yfir 200 ha. 3- 4 ný skólahverfi bætast við og að auki þarf að reikna með landþörf fyrir atvinnufyrirtæki, verslun og þjónustu.

## DÆMI

Á mynd 3.16 er sýnt í grófum dráttum dæmi um hugsanlega framtíðarþróun Akureyrar. Línubær norður eftir ströndinni nýtur margra góðra eiginleika svæðisins og er einungis að hluta á góðu landbúnaðarlandi. Svæðið liggur að sjó og nýtur síðdegissólar betur en núverandi byggð á Akureyri.

Miðað við framreikninga byggða á spá Hagstofunnar nær íbúatala svæðisins 30.000 árin 2031-2 miðað við háspá, árin 2037-8 miðað við miðspá en aldrei miðað við lágspá. Miðað við framreiknaða meðalfjölgun undanfarandi ára næðist þetta mannfjöldamarkmið upp úr 2050.



Mynd 3.16. Hugmynd að vexti Akureyrar fram til 2060. Hver hringur táknar skólahverfi. Bláir hringir sýna núverandi skólahverfi á Akureyri en rauðir ný. Skástrikuð eru 4 ný skólahverfi, eitt í suðurhluta Naustahverfis en önnur norðan bæjarins. Ný byggð myndar s.k. línubæ þar sem bæjarhlutar tengjast með miðlægri aðalgötu.

Eyjafjörður og Akureyri geta orðið virkur og raunhæfur valkostur við hlið höfuðborgarsvæðisins fyrir stofnanir, fyrirtæki og nýja íbúa. Þar sem búsetu-umhverfi og veðurfar er ólíkt höfuðborgarsvæðinu gæti í því falist ákveðin styrking höfuðborgarsvæðisins í alþjóðlegu samhengi. Góðar samgöngur milli Akureyrar og höfuðborgarinnar skipta miklu máli í því samhengi.

Bæir og byggðir hafa oft farið flatt á hraðri uppbyggingu þar sem ekki vannst tími til að huga nægilega vel að gæðum og eiginleikum hins byggða umhverfis. Nýleg dæmi um það má finna bæði á höfuðborgarsvæðinu og á Austurlandi. Jöfn og samfelld þróun án átaka og sviptinga ætti að vera heppilegri í þessu tilliti.

Fjölbreyttir búsetukostir í Eyjafirði ættu að geta svarað eða komið til móts við ólíkar óskir, þarfir og væntingar atvinnulífs og íbúa. Gott búsetu-umhverfi er á vissan hátt forsenda þess að fólk vilji búa á staðnum, sem á sinn hátt er forsenda þess að hægt sé eða áhugavert að reka þar fyrirtæki. Staðhættir (t.d. fyrir hafnargerð og hættulaust undirlendi fyrir byggð) eru vissulega frumforsenda og hafa ráðið uppbyggingu bæjanna, þ.e. hvar þeir eru. Viðfangsefni næstu áratuga verður að bæta búsetu-umhverfi þeirra og bæjarmynd.

## 3.7 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

### 3.7.1 AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGA

Í eftirfarandi samantekt eru ákvæði og umfjöllun aðalskipulags sveitarfélaganna á skipulagssvæðinu um þróun byggðar.

#### FJALLABYGGÐ

Gert er ráð fyrir 1,5% fjölgun íbúa á skipulagstímabilinu (2008-2028), eingöngu í þéttbýli. Búið er á fimm býlum í sveitinni.

## **DALVÍKURBYGGÐ**

Gefinn er kostur á íbúðarbyggð með ólíka eiginleika, allt frá þéttbýli til sveitabyggðar.

## **HÖRGÁRSVEIT**

### **ARNARNESHREPPUR:**

Þéttbýlismarkmið verði á Hjalteyri þótt einhver hluti uppbyggingarinnar verði utan þéttbýlis, þ.e. á Möðruvöllum.

### **HÖRGÁRBYGGÐ:**

Einn þéttbýlisstaður er skilgreindur í Hörgárbyggð, Lónsbakki. Þar er gert ráð fyrir frekari vexti, sem og við Gásir og Blómsturvelli. Líta ber á svæðið við Blómsturvelli og Brávelli sem eðlilegt framhald Akureyrar.

## **AKUREYRARKAUPSTAÐUR**

Engin sérstök stefna um byggðaupróun utan þéttbýlismarkmið.

## **EYJAFJARÐARSVEIT**

Gert er ráð fyrir möguleikum á að nýta landbúnaðarland undir byggð eftir óskum landeigenda í samræmi við markmið (leikreglur) sem sett eru í aðalskipulaginu. Sveitarstjórn mun greiða fyrir því að land í einkaeigu verði nýtt fyrir íbúðarbyggð í samræmi landnotkunaruppdrætti og settar verklagsreglur.

## **SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR**

Boðið verði upp á fjölbreytt og vandað búsetuumhverfi, bæði í þéttbýli á Svalbarðseyri og í dreifðri íbúðarbyggð í suðurhluta sveitarfélagsins. Svalbarðseyri verður eini þéttbýlisstaðurinn í sveitarfélaginu.

## **GRÝTUBAKKAHREPPUR**

Í drögum að nýju aðalskipulagi er gert ráð fyrir að Grenivík verði eini þéttbýlisstaðurinn í sveitarfélaginu, þ.e. ekki verði gefinn kostur á íbúðaupræmingum í sveitinni.

## **AÐLIGGJANDI SVEITARFÉLÖG**

Aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga hefur ekki áhrif á stefnum um byggðaupróun í Eyjafirði. Stefna svæðisskipulagsins hefur engin bein áhrif á skipulag aðliggjandi sveitarfélaga.

### **3.7.2 AÐRAR ÁÆTLANIR**

Engin sérstök stefna virðist liggja fyrir á landsvísu um byggðaupróun að því leyti sem snýr að gerð og eiginleikum byggðarinnar. Engin opinber stefna er t.d. um þéttleika byggðar, um dreifða íbúðarbyggð í sveitum landsins og engin markviss stefna um viðgang venjulegra íslenskra sjávarpláss. Stefnumótun á öðrum vettvangi skiptir þar e.t.v. sköpum svo sem um fiskveiðistjórnarkerfið og aflaheimildir. Þar mætti e.t.v. snúa dæminu við og byggja ákvarðanir um það á skilgreindum markmiðum um byggðina í landinu, æskilega eiginleika hennar og byggðamynstur.

Tillögur að stefnu koma fram í greinargerð með Vaxtarsamningi Eyjafjarðarsvæðisins en ekki verður séð að þær séu opinber stefna. Einnig má nefna almenn markmið í 1. grein skipulagslaga og markmið jarðalaga.

## **VAXTARSAMNINGUR EYJAFJARÐARSVÆÐIS**

Vaxtarsamningur Eyjafjarðar<sup>4</sup> er samstarfsverkefni opinberra aðila og einkaaðila um uppbyggingu atvinnulífs við Eyjafjörð og hófst hann árið 2004. Samningurinn var

---

<sup>4</sup> Vaxtarsamningur Eyjafjarðarsvæðis til aukinnar samkeppnishæfni, sóknar og alþjóðatengsla. Tillögur Verkefnisstjórnar um byggðaáætlun fyrir Eyjafjarðarsvæðið. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, mars 2004.

endurnýjaður 2008. Í greinargerð með vaxtarsamningi Eyjafjarðarsvæðisins frá 2004 er sett fram tillaga að markmiði um byggð á Eyjafjarðarsvæðinu.

*„Það er mat aðila að Eyjafjarðarsvæðið eigi sér mikla möguleika til vaxtar, þróunar og aukinnar samkeppnishæfni, með þeim aukna fjölbreytileika og bættum lífskjörum sem því fylgir. Þetta byggist á þeim styrkleikum sem fyrir hendi eru á svæðinu, samhliða nýjum áherslum og aukinni sókn í þau tækifæri sem hægt er að nýta. Það er mat aðila að sýn til framtíðar byggist á þeim styrkleika og þeim miklu tækifærum sem framundan eru og mælt með því að hún verði eftirfarandi:*

*Fyrir árið 2020 verði íbúatala Eyjafjarðarsvæðisins um 30.000, í fjölskylduvænu samfélagi sem verður eftirsótt vegna góðrar þjónustu, möguleika til menntunar og nýtingu frútíma, sem byggist á fjölbreyttu, framþróðu, sérhæfðu og samkeppnishæfu atvinnulífi með sterk alþjóðleg tengsl.”*

Ekki er þarna um að ræða opinbera stefnu heldur tillögu eða hugmynd, sem hér er dregin fram til hliðsjónar. Sjá einnig umfjöllun um mannfjölda í lok kafla 3.6 en þar kemur fram að miðað við háspá Hagstofunnar muni íbúafjöldi við Eyjafjörð ekki ná 30.000 fyrir en upp úr 2030.

### **3.7.3 MARKMIÐ LAGA**

#### **SKIPULAGSLÖG NR. 123/2010.**

Markmið nýrra skipulagslaga er m.a:


- a. að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi,
- b. að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

#### **JARÐALÖG NR. 81/2004**

Markmið þessara laga er að [.....] stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölþætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.


Ekki verður séð að markmið annarra laga eigi beinlínis við um byggðapróun og byggðamynstur.

## 4 LANDBÚNAÐUR



Mynd 4.1. Ræktarland í Eyjafirði.


Á yfirlitsmynd (mynd 4.1) úr kortavefsjá Nytjaland/Rannsóknarsstofnunar Landbúnaðarins má sjá hversu vel undirlendi í Eyjafjarðardölum er nýtt til ræktunar. Afmörkun landbúnaðarlands eða flokkun þess verður ekki viðfangsefni svæðisskipulagsins en talin er ástæða til þess að sveitarfélögin hafi sameiginlega almenna stefnu um nýtingu þess.



Mynd 4.2. Ræktarland/tún á Íslandi. Heimild: Kortavefsjá [www.nytjaland.is](http://www.nytjaland.is)

#### 4.1 ALMENNT UM LANDBÚNAÐ OG LANDBÚNAÐARLAND

Undanfarna áratugi hafa talsverðar sviftingar orðið í landbúnaði. Áður var búskapur viðtekin samfélagsgerð og óhjákvæmilegt lífsmunstur (bændasamfélagið) þar sem hver sveitabær var sjálfum sér nógur um flesta þætti. Nú eru flest býli rekin sem fyrirtæki sem framleiða matvæli í háum gæðaflokki fyrir almennan markað. Tæknivæðing skiptir þar sköpum þar sem mun færri hendur þarf til verka nú en áður. Þessar grundvallarbreytingar á íslensku samfélagi hófust á fyrri hluta 20. aldar, þ.e. umbreyting úr bændasamfélagi í borgarsamfélag.



Mynd 4.3. Hagtölur landbúnaðarins 2010. Bændasamtök Íslands.



Býlum, þar sem búrekstur er stundaður, hefur fækkað stórlega á tiltölulega stuttum tíma en jafnframt hefur framleiðsla þeirra aukist. Þessar breytingar og bættar samgöngur hafa breytt búsetumynstri til sveita verulega. Flestar jarðir eru þó setnar þótt búskap hafi sums staðar verið hætt og landið nýtt af öðrum.

Undanfarinn áratug óx samkeppni um landbúnaðarlandið. Land gat fengið ákveðið verðgildi út frá öðrum sjónarmiðum en þeim sem sneru að landbúnaði og búvöru-framleiðslu. Ásókn var í t.d. í land undir frístundabúskap, hestamennsku frístundahús og íbúðarbyggð sem hækkaði verð þess langt upp fyrir það sem raunhæft var fyrir búrekstur og hefðbundinn landbúnað. Að vísu hefur sú verðbólga sem var á jarðaverði hér hjaðnað í kjölfar efnahagshrunisins 2008 en huga verður að þeirri stöðu sem uppi verður þegar efnahagskerfið nær jafnvægi að nýju. Enn fremur má spyrja að því (í samhengi við flókið styrkjakerfi landbúnaðarins) hvort líklegt sé að ræktunarstyrkir til bænda eins og greiddir eru í löndum Evrópusambandsins myndu hafa áhrif á landverð hér eða jafna stöðu landbúnaðarins gagnvart öðrum atvinnugreinum og hagsmunaaðilum.

Meginmarkmið jarðalaga fjallar um varðveislu góðs landbúnaðarlands. Ekkert í þeim lögum né öðrum lögum landsins, stuðlar að því að ná meginmarkmiði laganna. Í sumum nágrannalanda okkar, t.d. í Danmörku, hvílir ræktunarskylda á landi. „Þar er beinlínis lög-brot að láta ræktanlegt land ónotað, á móti leggur ríkið fram myndarlegar beingreiðslur á hvern hektara. Þessi ákvæði eru meðal annars ætluð til að koma í veg fyrir ásókn borgar-búa í bújarðir til að nota þær í leikaraskap. Ekki er óhugsandi að einhver ákvæði af þessu tagi geti átt heima í íslenskum lögum.”<sup>5</sup> Í Noregi er búsetuskylda á bújörðum, þ.e. landeigandi verður að búa á jörðinni, og talsverðar hindranir gegn sölu bújarða til annarra nota en búskapar. Íslensku jarðalögin frá 2004 hafa verið nefnd frjálsslyndustu jarðalög á Norðurhveli þar sem engar takmarkanir eru á því hver geti eða megi eiga land en flókin og oft þunglamaleg lög gilda um slíkt í mörgum grannríkja okkar sbr. dæmin frá Danmörku og Noregi.

#### 4.1.1 FLOKKUN

Í mörgum löndum er landbúnaðarland flokkað í samræmi við notagildi þess til landbúnaðarframleiðslu. Landbúnaðarland hefur ekki verið flokkað hér á landi og gjarnan er þeirri einföldu aðferð beitt við flokkun landsins t.d. við gerð aðalskipulags sveitarfélaga að líta til þess sem nú þegar hefur verið brotið til ræktunar, þ.e.a.s. mats bænda á gæðum landsins. Það land er í flestum tilvikum það land sem best er fallið til ræktunar. Vissulega er þar innan um rýrt land, sem ræktað hefur verið t.d. vegna landþrengsla eða smæðar bújarða en í meginráttum mætti þannig skipta landbúnaðarlandinu í tvo flokka, gott landbúnaðarland (þ.e. ræktað land með framangreindum fyrirvara) og óræktað land. Óræktað en ræktanlegt land er ekki með í þessari flokkun og er hún því ófullnægjandi að því leyti.

Engin ákvæði eru í lögum eða reglugerðum hér á landi um flokkun landbúnaðarlands og litlar hömlur á því að land sé tekið undan landbúnaðarnotum til annarra nota. Samþykki landbúnaðarráðherra þarf til þess að taka land úr landbúnaðarnotum en engin fyrirstaða er þar gegn því. E.t.v. er það rökrétt þar sem líta má á samþykki ráðherra sem öryggisventil þar sem eðlilegt er að landnotkun sé ákveðin í skipulagi undir forsjá sveitarfélaganna og í samræmi við stefnu þeirra. Stefna sveitarfélaganna og ákvæði í skipulagi eru því lykilatriði og eina raunhæfa leiðin til þess að stýra eða hafa stjórn á **landnotkun** á landbúnaðarlandi þar sem þörf er talin á því. **Landnýting** er hins vegar á hendi landeiganda, bónda eða rekstraraðila.

#### 4.1.2 BÚSETULANDSLAG

Land sem brotið er til ræktunar breytir um ásýnd. Land, landslag og gróðurfar, sem fengið hefur ákveðin einkenni í tímans rás vegna búsetu, ræktunar, nýtingar og nytja má nefna

<sup>5</sup> Verðmæti ræktunarlands. Áslaug Helgadóttir og Jónatan Hermannsson. Rannsóknastofnun landbúnaðarins 2003.

búsetulandslag, gjarnan nefnt „kúltúrlandslag” í nágrannalöndum okkar. Búsetulandslag er því umhverfi sem hefur mótað af búsetu mannsins, umsvifum, uppbyggingu og nýtingu og því andstæða hinnar ósnortnu náttúru. Oft er orðið menningarlandslag notað á íslensku en eðli málsins er það að með kúltúr er bæði vísað í ræktun og menningu en ræktunin og breytingin á landinu er ráðandi þáttur í merkingu hugtaksins.



Mynd 4.5. Dæmi um búsetulandslag við Miðjarðarhaf, mótað á löngum tíma á forsendum landnýtingar og lífsviðurværis íbúanna.

Skógrækt, skjólbelti, tún, skurðir, bæjarhólar, byggingar, vegir, traðir o.s.frv. eru drættir sem móta umhverfið á forsendum búsetu og nytja. Heildarmyndin er búsetulandslag. Strangt tekið á búsetulandslag við um allt land sem maðurinn hefur breytt með athöfnum sínum en hugtakið er helst notað með jákvæðum formerkjum þar sem þessir drættir eru skýrir og móta áhugavert og fallett umhverfi eins og á við um margar sveitir Eyjafjarðar. Nýting landsins, búskapurinn, er forsenda þessa yfirbragðs.

Eðli málsins felst þannig í nýtingu, sem byggist á framkvæmdum (t.d. ræktun) og breytingum á landinu í ákveðinni sátt og samræmi við land og staðhætti. Breytingar á búsetu og landnotkun geta haft varanleg áhrif á búsetulandslagið, bæði til bóta og til hins verra. Á Norðurlöndum hafa kerfisbreytingar í landbúnaði, sem felast í færri og stærri búum eins og hér, víða haft í för með sér miklar breytingar á ræktuðu landi og beiti-löndum, til dæmis búsetulandslagi sem lendir í órækt og ökrum sem verða að nytjaskógum. Hér bjuggum við lengst af við ofbeitt en með fækkun sauðfjár, góðri tíð undanfarna áratugi og beitarfriðun hafa ekki síður orðið breytingar hér á gróðri og landi en þar. „Óbitnir graslendismóar sem fara fyrst á kaf í gras og sínu og síðan mosa þegar grasið lætur undan síga eru óskemmtilegir yfirferðar. Friðun náttúrulegra birkiskóga hefur leitt til að skógurinn, nær undantekningalaust, hefur orðið ófær með öllu vegna þéttleika, sem aftur leiðir til þess að útivistargildi hans rýrnar til muna. Hæfilega beittur birkiskógur er hins vegar opinn og með þéttan fjölbreyttan skógarbotn og mun eftirsóknarverðara útivistarsvæði.”<sup>6</sup> Land sem tekið er undir frístundabyggð verður aldrei aftur akur eða tún. Tún, sem tekið er undir golfvöll eða tjaldsvæði, getur orðið kartöflugarður eða kornakur

<sup>6</sup> Menningarlandslag og landnýting. Anna Guðrún Þóhallsdóttir, Björn Þorsteinsson, Anna Karlsdóttir. Búnaðarsamband Íslands, Landbúnaðarháskólinn, RALA. Reykjavík 2002.

síðar. Sumar breytingar á landnotkun og nýtingu eru varanlegar þegar aðrar geta verið afturkræfar a.m.k. að einhverju leyti.

Landbúnaðarlandið er þannig sterkur dráttur í yfirbragði byggðar í Eyjafirði, búsetulandslagi fjarðarins.



Mynd 4.6. Horft út Eyjafjörð af Haus í Staðarbyggðarfjalli.

#### 4.1.3 SJÓNARMÍÐ

„Land er nú eftirsótt á öðrum forsendum en áður var og því fylgja varanlegar breytingar. Ræktunarland, sem bútað er sundur og selt sem sumarbústaðalóðir, verður aldrei akur þaðan af. Ræktunarland, sem lagt er undir skóg, verður bundið í hundrað ár minnst og óvíst að það verði jafngott eftir. Fyrst og fremst vantar þó að ræktanlegt land sé skilgreint.”<sup>7</sup>

Á aðalfundi Búnaðarsambands Eyjafjarðar 2009 var gerð eftirfarandi samþykkt:

##### „Um mikilvægi íslensks landbúnaðar.

Aðalfundur Búnaðarsambands Eyjafjarðar 2009 vill vekja athygli á mikilvægi íslensks landbúnaðar fyrir þjóðarbúið. Þar má m.a. nefna:

- Eitt af grundvallargildum við sjálfstæði hvefrrar þjóðar er fæðuöryggi sem byggist á innlendri matvælaframleiðslu.
- Störf í landbúnaði, úrvinnslu- og nátengdum þjónustugreinum eru yfir 10.000 og þar af um 3.000 í norðausturkjördæmi.
- Landbúnaður er einn af megin máttarstólpum í atvinnustarfsemi landsbyggðarinnar.

<sup>7</sup> Verðmæti ræktunarlands. Áslaug Helgadóttir og Jónatan Hermannsson. Rannsóknastofnun landbúnaðarins 2003.

- Ferðapjónusta hefur verið ört vaxandi á síðustu árum, en færa má rök fyrir því að hún þrífist best með öflugri búsetu til sveita.
- Í umræðu um verð á matvælum skal minnt á að Íslendingar eru fljótari að vinna fyrir mat sínum en íbúar þjóða víða í Evrópu.
- Það á að vera krafa þjóðarinnar að ekki sé flutt inn matvara sem framleidd er við lakari heilbrigðiskröfur en hér er, t.d. með tilliti til salmonellu og kamfílóbakteríusýkinga.
- Það er skýlaus réttur neytandans að fá að vita hvar vara sem hann kaupir er upprunnin.”

### **Samþykkt á Búnaðarþingi 2008:**

„Búnaðarþing 2008 skorar á Alþingi að taka nú þegar til endurskoðunar núgildandi jarðalög nr. 81 frá árinu 2004 svo og skipulags- og byggingalög nr. 73/1997, með sérstöku tilliti til nýtingar lands með það að markmiði að varðveita auðræktað land til komandi kynslóða.”

## **4.2 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR**

### **4.2.1 AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGA**

Samantekt á ákvæðum í aðalskipulagi sveitarfélaganna um landbúnaðarland og nýtingu þess.

#### **FJALLABYGGÐ**

Ekki eru ákvæði um varðveislu góðs landbúnaðarlands, enda eru þau ekki umfangsmikil í sveitarfélaginu.

#### **DALVÍKURBYGGÐ**

Stefnt er að því að gott landbúnaðarland verði áfram notað til búvöruframleiðslu. Afmörkuð eru tvenns konar landbúnaðarsvæði eftir áætluðum landgæðum. Á svæðum L2 (ræktuðu landi) verður ekki heimiluð landnotkun sem kemur í veg fyrir nýtingu þeirra til búvöruframleiðslu í framtíðinni.

#### **HÖRGÁRSVEIT**

##### **Arnarneshreppur**

Leitað verði allra leiða til að styrkja landbúnað í Arnarneshreppi, m.a. með áherslu á lífræna og/eða vistvæna framleiðslu og bændaskógrækt. Líklegast er að viss hagræðing þurfi að koma til, en það þýðir að störfum við hefðbundinn landbúnað mun að líkindum ekki fjölga að marki á næstu árum.

##### **Hörgárbyggð**

Sett eru takmörk á byggingu íbúðarhúsa og frístundahúsa á góðu ræktunarlandi og landi sem hentar vel til landbúnaðarframleiðslu.

#### **AKUREYRARKAUPSTAÐUR**

Ekkert landbúnaðarland er innan bæjarmarka Akureyrar. Landbúnaðarland er í Hrísey.

#### **EYJAFJARÐARSVEIT**

Gert er ráð fyrir möguleikum á að nýta landbúnaðarland undir byggð eftir óskum landeigenda í samræmi við markmið (leikreglur) sem sett eru í aðalskipulaginu. Sveitarstjórn mun greiða fyrir því að land í einkaeigu verði nýtt fyrir íbúðarbyggð í samræmi landnotkunaruppdrætti og settar verklagsreglur.

Þó er ákvæði (bls. 30) um að þess skuli gætt að bygging stakra íbúðar- eða frístundahúsa eigi sé almennt ekki stað á ræktuðu landi eða landi sem hentar vel til ræktunar.

#### **SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR**

Ásókn hefur verið í íbúðarbyggð á landbúnaðarlandi og var í aðalskipulagi sett fram stefna um nýtingu þess með hliðsjón af landgæðum. Stefnt er að varðveislu góðs landbúnaðarlands en opnaðar voru heimildir til þess að taka rýrara land í suðurhluta sveitarfélagsins til annarra nota, t.d. undir byggð.

Lögð skal áhersla á að gott landbúnaðarland í mið- og norðurhluta hreppsins verði áfram nýtt til landbúnaðar.

#### **GRÝTUBAKKAHREPPUR**

**Úr auglýstri tillögu að nýju aðalskipulagi:** Stefnt er að því að gott landbúnaðarland verði áfram notað til búvöruframleiðslu. Í aðalskipulagi verði gott landbúnaðarland afmarkað í grófum dráttum. Landnýting og breytingar á landnýtingu skulu fyrst og fremst miðast við að ekki verði skertir möguleikar til nýtingar landisins til búvöruframleiðslu til framtíðar.

#### **4.2.2 VELFERÐ TIL FRAMTÍÐAR**

Í stefnunni Velferð til framtíðar<sup>8</sup> (sbr. kafla 2.3.4) eru eftirtalin atriði er snerta nýtingu landbúnaðarlands beint eða óbeint.

##### **Sjálfbær framleiðsla og neysla.**

##### **Markmið:**

- Vægi vistvænna opinberra innkaupa verði aukið verulega. Íslensk fyrirtæki og stofnanir taki í vaxandi mæli upp umhverfismerkið Svaninn eða sambærileg merki á vöru og þjónustu.
- Neytendur geti valið umhverfismerktar vörur og þjónustu.
- Fræðsla og upplýsingar um gildi sjálfbærrar neyslu í daglegu lífi verði aukin.
- Vitund almennings og hagsmunaaðila um vistvænt skipulag og mannvirki verði aukin.

##### **3. Örugg matvæli**

- 3.1 Neytendur geti ávallt treyst því að á boðstólum séu eingöngu matvæli sem eru örugg til neyslu.
  - 3.3 Ísland verði ávallt virt sem framleiðandi heilnæmra og öruggra matvæla úr hágæða hráefnum í ómenguðu umhverfi.
- Unnið verður að því að tryggja stöðu íslenskra framleiðsluvara á heimsmarkaði og áhersla lögð á samspil dýravelferðar, hollustu og orðspor íslenskra framleiðsluvara.
  - Lögð verður áhersla á að viðhalda góðri stöðu Íslands varðandi lága tíðni matarsjúkdóma og að sambærilegar kröfur verða gerðar til innlendra og innfluttra matvæla með tilliti til matvælaöryggis.

##### **12. Sjálfbær gróðurnýting og endurheimt landgæða**

---

<sup>8</sup> Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020. Umhverfisráðuneytið. Og: Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2010-2013.

- 12.1 Þær auðlindir landsins sem felast í jarðvegi og gróðri, þar með töldum skógi, verði byggðar upp og nýttar á sjálfbæran hátt samkvæmt bestu vísindalegu þekkingu.
- 12.2 Beit verði stjórnað með tilliti til nýtingarþols og hættu á jarðvegseyðingu.
- 12.3 Unnið verði skipulega að landgræðslu á eyddum og rofskemmdum svæðum í samræmi við markmið landnýtingar og náttúruverndar á hverju svæði. Hraðfara jarðvegseyðing verði stöðvuð, sérstaklega í byggð og á láglandi.
- 12.4 Uppbygging nytjaskóga verði til að efla byggð og atvinnu í dreifbýli og falli sem best að landslagi og vistkerfi landsins.

#### **4.2.3 MARKMIÐ OG ÁKVÆÐI LAGA**

##### **SKIPULAGSLÖG 123/2010**

###### **1. gr. Markmið.**

Markmið laga þessara er:

b) að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,

###### **12. gr. 8. mgr:**

Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

##### **JARÐALÖG 81/2004**

###### **1. gr. Markmið**

Markmið þessara laga er að setja reglur um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land og nýta það og stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölpætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.

Engin ákvæði jarðalaga styðja beinlínis meginmarkmið laganna. Í 6. grein laganna eru ákvæði um það hvernig land verði leyst úr landbúnaðarnotum en það er háð samþykki landbúnaðarráðherra. Eru þá upptalin ákvæði um landnotkun.

## 5 SAMGÖNGUR - VEGAKERFI


### 5.1 NÚVERANDI VEGAKERFI

**Þjóðvegur 1**, hringvegurinn, liggur þvert yfir skipulagssvæðið frá Öxnadalshéiði að Víkurskarði.

Bakkaselsbrekka og eystri heiðarbrúin á Öxnadalshéiði (540 m.y.s.) getur verið farartálmi vegna veðurs og ófærðar en yfirleitt er snjóléttara Skagafjarðarmegin á heiðinni. Snjóbungu árin 1989-1993 var vegurinn yfir Öxnadalshéiði lokaður vegna snjóa í 7 daga á ári að meðaltali og mokaður í um 60 daga. Á árunum 1994-1998 var vegurinn lokaður 2 daga á ári að meðaltali og mokstursdagar 100.<sup>9</sup> Meðalumferð ársins var á þessum tíma 600 bílar en er nú um 1.000 bílar á sólarhring. Erfiðasti hluti leiðarinnar er Bakkaselsbrekka bæði vegna bratta og veðurlags. Oft eru veðraskil á heiðarbrúninni og snjóléttara vesturaf. Bakkaselsgöng myndu sneiða hjá hvoru tveggja.

Hringvegurinn liggur um Öxnadal og Hörgárdal, yfir Moldhaugaháls til Akureryrar. Þaðan liggur vegurinn yfir Leirurnar innan við Pollinn, út Svalbarðsströnd og yfir Víkurskarð.

Víkurskarð (325 m.y.s.) hefur ekki reynst sú samgöngubót sem vonast var til vegna vetrarófærðar. Undirbúningi er nú lokið fyrir gerð Vaðalheiðarganga milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals og hefur fyrsta útboð, um bráðabirgðaaðkeyrslu og brú yfir Þjóðveg 1 þegar verðið sett af stað. Með göngunum styttist Þjóðleiðin austur á land auk þess sem rekstrar- og umferðaröryggi batnar til muna.



Mynd 5.1. Flokkun þjóðvega við Eyjafjörð.  
[www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is)

Stofnvegur 82, **Ólafsfjarðarvegur**, liggur út með firðinum að vestanverðu um Gálmaströnd og Árskogsströnd til Dalvíkur, þaðan til Ólafsfjarðar um einbreið Múlagöng og síðan áfram um Lágheiði (409 m.y.s.) yfir í Fljót í sveitarfélaginu Skagafirði. Snjóflóðahætta er í Sauðanesskriðum, austan Múlaganga. Göngin eru einföld með útskotum og því ekki eins greiðfær og hin nýju Héðinsfjarðargöng enda barn síns tíma. Búast má við aukinni umferð, sérstaklega að sumri, um göngin, sem gæti kallað á umfangsmiklar endurbætur eða ný göng.

Stofnvegur 76, **Siglufjarðarvegur** liggur frá Ólafsfirði til Siglufjarðar um Héðinsfjarðargöng, sem voru opnuð í október 2010 og leysa Lágheiði af sem samgönguleið milli staðanna.

Vegur 76 heldur áfram frá Siglufirði yfir í Fljót um einbreið Strákagöng og Almenniga, þar sem jarðsig hefur valdið vandræðum og áhyggjum um öryggi og framtíð vegarins. Strákagöng eru einföld og ekki jafn

<sup>9</sup> Jarðgangaáætlun. Vegagerðin. 2000.

greið leið og Héðinsfjarðargöngin. Þau eru hins vegar stutt og hætta á alvarlegum teppum því ekki jafn mikil og í Múlagöngum. Hins vegar er vegurinn vestan ganganna um Almennina varhugaverður og óvíst um öryggi og endingu. „*Framtíð núverandi vegstæðis Siglufjarðarvegur um norðanvert Tjarnardalaberghlaupið er ekki sérstaklega björt. - Þarna geta bæði litlar og stórar sikhreyfingar því auðveldlega eyðilagt núverandi veg og vegstæði.*”<sup>10</sup> „*Ljóst er að á svæði 1 er mikil hætta á því að stór stykki geti sigið niður eða hlaupið fram úr núverandi vegstæði og nágrenni þess. Við slíka atburði gæti vegurinn spillst eða orðið ófær um tíma en núverandi vegstæði einnig einfaldlega orðið ónýtt. Um þá hættu sem umferð um veginn stafar af þessu þarf ekki að fjölyrða.*”<sup>11</sup>

Austan fjarðar liggur stofnvegur 83, **Grenivíkurvegur**, frá vegamótum neðan Víkurskarðs út Kjálka um Höfðahverfi til Grenivíkur. Uppbyggingu hans er ekki lokið en endurbætur á honum m.a. vegna öryggismála eru ekki viðfangsefni svæðisskipulagsins.

Stofnvegir 821 (Eyjafjarðarbraut vestri), 823 (Miðbraut) og 829 (Eyjafjarðarbraut eystri) mynda hringleið (ásamt Þjóðvegi 1) um nyrsta hluta Eyjafjarðarsveitar, Reykárhverfi, Staðarbyggð og Kaupangssveit.

## 5.2 UMFERÐ

Hér eru teknar fram umferðartölur á stofnvegakerfinu árin 2007-2009<sup>12</sup> (myndir 2.3 - 2.4) og eru valdir staðir þar sem annað hvort eru veggöng eða verið að kanna möguleika á þeim.

Umferðartölur. <sup>1</sup>	2007			2008			2009		
	ÁDU	SDU	VDU	ÁDU	SDU	VDU	ÁDU	SDU	VDU
<i>Tafla 5.3</i>									
Múlagöng	576	758	490	550	734	456	585	834	422
Öxnadalshéiði	1041	1647	635	986	1565	650	957	1536	570
Stákagöng	257	406	154	248	408	152	254	421	144
Víkurskarð	1151	1826	739	1190	1937	754	1255	2079	701

ÁDU = Ársdagsumferð, meðalumferð á dag yfir árið

SDU = Sumardagsumferð, meðalumferð á dag mánuðina júní, júlí, ágúst og september

VDU = Vetrardagsumferð, meðalumferð á dag mánuðina janúar, febrúar, mars og desember

<sup>10</sup> [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is) Kortlagning á sigi á Siglufjarðarvegi um Almennina. Þorsteinn Sæmundsson, Náttúrustofa Norðurlandsvestra og Halldór G. Pétursson, Náttúrufræðistofnun Íslands. Ódagsett (2005).


<sup>11</sup> [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is) Almenningar, áfangaskýrsla. Ódagsett.

<sup>12</sup> <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/umferdin/umfthjodvegum/> Umferðartölur 2007, 2008 og 2009.




## Umferðartölur 2007-2009

ÁDU = ársdagsumferð



Mynd 5.4. Umferðartölur 2007-2009


Á þessu stutta árabili minnkar umferð á Öxnadalsheiði lítillega en umferð um Víkurskarði eykst. Breytingarnar, sem verða í kjölfar efnahagsáfalla og sviptinga í samfélaginu, má e.t.v. skýra með því að sumarleyfisumferð vegur þyngra á Öxnadalsheiði en á Víkurskarði (myndir 2.5 og 2.6<sup>13</sup>). Umferð vegna vinnusóknar er tæplega ferfalt meiri á Víkurskarði en um Öxnadalsheiði en ef ferðir til og frá vinnu og vinnutengdar ferðir eru teknar saman veða þær jafn þungt á báðum leiðum (22%). Víkurskarði er innan samfellds atvinnusvæðis en Öxnadalsheiði á milli atvinnusvæða. Spá um umferð um Hédinsfjarðargöng (mat á umhverfisáhrifum 2001) er 350 bílar á sólarhring (ÁDU) sem er um 100 ferðum meira en nú eru um Strákagöng. Á þessu stigi liggja ekki fyrir gögn á sama formi og vitnað er til hér að ofan um umferð eftir opnun Hédinsfjarðarganga. Fyrstu fimm mánuði ársins 2011 var umferð um þau að meðtali um 470 bílar/sólarhr. Umferðin er því nú um 35% meiri en var gert ráð fyrir í hönnunarforsendum gagnanna.<sup>14</sup>



Mynd 5.5. Áætlun meðaldreifing aksturserindis yfir árið, Öxnadalsheiði 2007.

<sup>13</sup> [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is)

<sup>14</sup> Vefur Vegagerðarinnar, frétt 22.6.2011. Sótt 6.9.2011.  
<http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/frettir/nr/2642>





Mynd 5.6. Áætluð meðaldreifing aksturserindis yfir árið, Víkurskarð 2005.

### NÚVERANDI JARÐGÖNG:

Innan skipulagssvæðisins eru nú fern jarðgöng fyrir almenna bílaumferð.

- **Strákagöng.** 800 m einbreið göng milli Siglufjarðar og Skagafjarðar, opnuð 1967.
- **Múlagöng.** 3,4 km einbreið göng milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar, opnuð í árslok 1990.
- **Héðinsfjarðargöng.** Tvenn tvíbreið göng, 3,7 og 6,9 km milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Opnuð haustið 2010. Göngin stytta leiðina milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar um 47 km miðað við leið um Lágheiði og 219 km miðað við leið um Öxnadalshéiði.

# SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR SKÝRINGARUPPDRÁTTUR



## SAMGÖNGUR NÚVERANDI VEGAKERFI

- Stofnvegir
- - - Jarðgöng
- Ferja
- Tengivegir og héraðsvegir



Mynd 5.2.

## 5.3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆLTANIR

### 5.3.1 AÐALSKIPULAG

#### FJALLABYGGÐ

Áform eru um bættar samgöngur við Skagafjörð með nýjum Fljótagöngum og bættar samgöngur við Eyjafjörð um ný göng úr Burstabrekkudal í Ólafsfirði í Karlsárdal við Dalvík.

#### DALVÍKURBYGGÐ

Getið er um ný Ólafsfjarðargöng í greinargerð en endanleg lega þeirra verður færð inn með formlegri breytingu á aðalskipulagi þegar lega og áhrifamat liggur fyrir.

#### HÖRGÁRBYGGÐ

Miðað er við að hringvegur verði tvöfaldaður milli Borgarness og Akureyrar á tímabilinu 2011-2018 sbr. Samgönguáætlun 2007-2018.

Hvorki er gert ráð fyrir Bakkaselsgöngum né Öxnadalsheiðargöngum í aðalskipulaginu.

#### SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR

Gert er ráð fyrir Vaðlaheiðargöngum í aðalskipulaginu á sama hátt og gert var í SSEY-98.

### 5.3.2 AÐLIGGJANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR

#### SVEITARFÉLAGIÐ SKAGAFJÖRÐUR

Eftirfarandi atriði eru í samgöngukafla tillögu að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar:

4. Vegur yfir Lágheiði verði bættur og honum haldið við sem góðum sumarvegi.
5. Gerð verði veggöng milli Fljóta og Siglufjarðar.

### 5.3.3 SAMGÖNGUÁÆTLUN

**Flugmálaáætlun:** Svæðisskipulag Eyjafjarðar fjallar ekki um flugvelli.

**Vegaáætlun:** Gert er ráð fyrir nokkrum endurbótum á vegakerfi en engum nýjum stofnvegum innan skipulagssvæðisins. Héðinsfjarðargöng hafa nú verið tekin í notkun Ekki er gert ráð fyrir nýjum veggöngum innan skipulagssvæðisins í gildandi vegaáætlun.

Undanfarin ár hefur verið unnið að hönnun Vaðlaheiðarganga og undirbúningi framkvæmda en þau eru einkaframkvæmd utan gildandi vegaáætlunar. Fyrsti áfangi þeirra var boðinn út haustið 2011.

- **Vaðlaheiðargöng.** 7,16 km tvíbreið göng milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals (þjóðvegur 1). Stytting miðað við leiðina yfir Víkurskarð verður 15,7 km.

Í **jarðgangaáætlun** 2000 eru reifaðar hugmyndir um Öxnadalsgöng, bæði löng (10,7 km) og stutt (Bakkaselsgöng 3,7 km). Hvorki er þar minnst á göng milli Fljóta og Siglufjarðar né ný göng milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur.

Skipulag stofnvegakerfis og hugsanleg áform um ný jarðgöng á skipulagssvæðinu kunna að hafa áhrif á samgönguáætlun og kalla á endurskoðun hennar.

### 5.3.4 BYGGÐAÁÆTLUN 2006-2009

Í Byggðaáætlun 2006-2009 eru bættar samgöngur nefndar meðal helstu aðgerða sem gripið verði til í því skyni að ná markmiðum áætlunarinnar.

## 6 SAMGÖNGUR - HAFNIR

Umfjöllun um nýjar hafnir og iðnaðarsvæði fléttast saman þar sem stefnt er að uppbyggingu iðnaðarsvæðis í tengslum við nýja höfn á Dysnesi á Gálmaströnd.

Í svæðisskipulagi Eyjafjarðar verður einungis fjallað um skipulag nýrra hafna utan núverandi þéttbýlisstaða, sem falla undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum.

Í svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998 - 2018, sem felld hefur verið úr gildi, var gert ráð fyrir iðnaðarsvæði fyrir stóriðnað á Dysnesi í Arnarneshreppi (nú Hörgársveit) auk stórskipahafnar. Áherslur hafa breyst og hefur svæðið verið minnkað og skilgreiningu þess breytt í aðalskipulagi. Þar er áfram horft til Dysness vegna uppbyggingar hafnaraðstöðu og iðnaðarsvæðis (athafna-, iðnaðar- og hafnarsvæði).

Áform eru um hafnargerð á Dysnesi. Í kjölfar þess má reikna með að forsendur skapist fyrir uppbyggingu á svæðinu t.d. fyrir starfsemi sem ekki hentar eða rúmast innan þéttbýlis. Starfsemi eða einstök verkefni kunna að vera háð mati á umhverfisáhrifum en engar forsendur eru á þessu stigi til þess að meta slíkt.

### 6.1 STAÐA

Í töflu 5.7 eru taldar upp þær hafnir sem eru á skipulagssvæðinu. Engin ákvæði verða sett um þær í svæðisskipulagi Eyjafjarðar. Skipulagsforsendur þeirra eru ákvarðaðar í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

### 6.2 TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Gert er ráð fyrir athafna- iðnaðar- og hafnarsvæði á Dysnesi í aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017 (nú Hörgársveitar). Umfang hafnarmannvirkja og/eða landfyllinga er ekki sýnt á skipulagsupprætti. Núverandi áform um hafnarstarfsemi rúmast að mestum hluta innan þeirra marka sem sem skilgreind eru í aðalskipulagi Arnarneshrepps/Hörgársveitar (með breytingu 2010) en gera þyrfti nánari grein fyrir landfyllingum í aðalskipulaginu með breytingu.

#### 6.2.1 AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGA


Uppbygging á Dysnesi hefur ekki áhrif á skipulag annarra sveitarfélaga.

#### 6.2.2 SAMGÖNGUÁÆTLUN

**Siglingamál:** Í samgönguáætlun er gert ráð fyrir nýframkvæmdum í núverandi höfnum í Norðausturkjördæmi, en slíkar framkvæmdir eru ekki á verksviði svæðisskipulags Eyjafjarðar. Ekki er gert ráð fyrir gerð nýrrar stórskipahafnar á svæðinu í gildandi samgönguáætlun.

Tafla 5.7.

	Fiskihöfn Smábátahöfn	Vöruhöfn	Ferjuhöfn Farþegahöfn
Siglufjörður	X	X	
Ólafsfjörður	X		
Dalvík	X	X	X
Hauganes	X		
Árskógssandur	X		X
Hjalteyri	X		
Akureyri	X	X	X
Svalbarðseyri	X		
Grenivík	X		
Grímsey	X		X
Hrísey	X		X



Mynd 6.1.

## 7 SAMGÖNGUR - FLUGMÁL

Í svæðisskipulagi Eyjafjarðar verður einungis fjallað um Akureyrarflugvöll.

### 7.1 STAÐA

Á skipulagssvæðinu er tveir flugvöllir sem þjóna áætlunarflugi, Akureyrarflugvöllur og Grímseyjarflugvöllur. Flugvöllur er á Siglufirði auk minni flugvalla í Hrísey og á Melgerðismelum. Ólafsfjarðarflugvöllur hefur verið lagður af.

Þótt hlutverk flugvallanna í Ólafsfirði og á Siglufirði hafi minnkað með tilkomu Héðinsfjarðargangna ber engu að síður að leggja áherslu á nauðsyn þeirra og að mannvirkjum verði haldið við í fullu samræmi við þær öryggiskröfur sem um þau gilda. Eðli máls samkvæmt gegnir Grímseyjarflugvöllur veigamiklu hlutverki í samgöngumálum eyjarinnar.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir umfang innanlandsflugs og millilandaflugs á íslenskum áætlunarflugvöllum.<sup>15</sup>

FLUGHREYFINGAR INNANLANDS Á ÍSLENSKUM ÁÆTLUNARFLUGVÖLLUM 2010						
FLUGVÖLLUR	ÁÆTLUNAR-/LEIGUFLUG	ANNAÐ FLUG	SNERTI-LENDINGAR	SAMTALS	BR. 10/09	HLUTDEILD
REYKJAVÍK	17.390	16.866	28.722	62.978	12,3%	50,4%
KEFLAVÍK	122	4.853	25.500	30.475	30,1%	24,4%
AKUREYRI	5.904	3.932	3.720	13.556	-8,5%	10,9%
VESTMANNAEYJAR	2.736	2.104	302	5.142	-53,4%	4,1%
BAKKI	646	1.036	320	2.002	-74,0%	1,6%
EGILSSTAÐIR	2.388	736	16	3.140	-8,7%	2,5%
ÍSAFJÖRÐUR	1.448	576	42	2.066	1,0%	1,7%
HORNAFJÖRÐUR	1.111	190	44	1.345	-2,0%	1,1%
SAUÐÁRKRÓKUR	654	160	48	862	-3,4%	0,7%
ABRIR FLUGVELLIR	2.758	450	166	3.374	-14,4%	2,7%
ALLS	35.157	30.903	58.880	124.940	0,7%	100%

FLUGHREYFINGAR MILLI LANDA Á ÍSLENSKUM ÁÆTLUNARFLUGVÖLLUM 2010						
FLUGVÖLLUR	ÁÆTLUNAR-/LEIGUFLUG	ANNAÐ FLUG	SAMTALS	BR. 10/09	HLUTDEILD	
KEFLAVÍK	17.786	4.156	21.942	3,0%	84,8%	
REYKJAVÍK	1.650	1.710	3.360	-0,9%	13,0%	
AKUREYRI	408	0	408	211,5%	1,6%	
EGILSSTAÐIR	142	0	142	20,3%	0,5%	
ABRIR FLUGVELLIR	31	0	31	244,4%	0,1%	
ALLS	20.017	5.866	25.883	3,7%	100%	

Tafla 7.1. Flughreyfingar á íslenskum áætlunarflugvöllum 2010. Heimild: Isavia.

Reykjavíkflugvöllur er þungamiðja innanlandsflugsins. Aðeins örlítill hluti flugferða í almennu farþegaflugi hefur hvorki upphaf né áfangastað þar. Það endurspeglar hlutverk flugvallarins sem tengingar landsbyggðarinnar við höfuðborgina, þungamiðju stjórnsýslu, menningar, verslunar og þjónustu á landinu.

Akureyrarflugvöllur er alþjóðaflugvöllur og gegnir auk þess hlutverki sem varavöllur í millilandaflugi. Undanfarin ár hefur millilandaflug aukist og hafa verið áætlunarferðir yfir sumartímenn til áfangastaða í Evrópu. Í þessu felast ákveðin tækifæri sérstaklega í

<sup>15</sup> Isavia. Flugtölur 2010. <http://isavia.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=989>

ferðaþjónustu. Hlutverk Akureyrarflugvallar sem varaflugvallar kom greinilega fram við eldgosið í Eyjafjallajökli. Miðstöð millilandaflugs var flutt með skömmum fyrirvara til Akureyrar og samgöngur til annarra landa tryggðar með því. Akureyrarflugvöllur hefur einnig þjónað mikilvægu hlutverki gagnavart samögnum við Grænland og sem miðstöð sjúkraflugs á landinu.

## MILLILANDAFARÞEGAR UM ÍSLENSKA ÁÆTLUNARFLUGVELLI 2010

FLUGVÖLLUR	BROTTFARAR-/ KOMUFARÞEGAR	ÁNINGAR-/ SKIPTIFARÞEGAR	SAMTALS	BR. 10/09	HLUTDEILD
KEFLAVÍK	1.460.967	330.176	1.791.143	8,0%	97,7%
REYKJAVÍK	41.550	0	41.550	29,3%	1,9%
AKUREYRI	15.588	0	15.588	135,8%	0,4%
EGILSSTAÐIR	930	0	930	28,5%	0,0%
AÐRIR FLUGVELLIR	0	0	0	0,0%	0,0%
ALLS	1.519.035	330.176	1.849.211	8,9%	100%

FARÞEGUM Í MILLILANDAFLUGI HEFUR AÐ MEÐALTALI FJÖLGÆÐ UM 0,6% Á ÁRI SL. 5 ÁR OG 2,9% Á ÁRI SL. 10 ÁR

Tafla 7.2. Millilandafarþegar um íslenska áætlunarflugvelli 2010. Heimild: Isavia.

Í gildi eru skipulagsreglur fyrir Akureyrarflugvöll sbr. kafla 7.2.4. Bent hefur verið á að í íslenskum reglum um flugöryggi vanti ákvæði sem tryggi s.k. raffræðilegt öryggi til samræmis við ákvæði í nágrannalöndum okkar. Miklu skiptir að raflínur skerði ekki öryggi flugvallarins og að ekki verði raffræðilegar truflanir á flugleiðsögubúnaði af þeirra völdum. Þetta skiptir miklu máli þar sem landfræðilegar aðstæður eru erfiðar eins og við Akureyrarflugvöll.

Úttektir og skýrslur hafa verið unnar um hugsanlegar breytingar á fyrirkomulagi innanlandsflugs, m.a. hagræn úttekt á valkostum um framtíð Reykjavíkurlflugvallar, sem unnin var 2007 af samráðsnefnd Reykjavíkurborgar og samgönguráðuneytisins.<sup>16</sup> Eftir útgáfu skýrslunnar urðu svifingar í íslensku efnahagslífi þannig að meint lóðaverð í Vatnsmýri á þeim tíma stenst ekki lengur, sem hlýtur að kippa fótunum undan ákveðnum arðsemisreikningum. Auk þess sýna veðurfarsathuganir að vænlegasti kosturinn skv. skýrslunni, þ.e. flugvöllur á Hólmsheiði, er óraunhæfur af veðurfarsástæðum. Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu stefna einnig á friðun Skerjafjarðar, sem slær hugmyndir um flugvöll á Lönguskerjum út af borðinu. Endurmat valkosta bendir til þess að einungis tveir kostir séu í stöðunni, þ.e. að innanlandsflug verði annað hvort á óbreyttum eða lítið breyttum Reykjavíkurlflugvelli eða flytjist á Keflavíkurlflugvöll.<sup>17</sup>

Flutningur miðstöðvar innanlandsflugs frá Reykjavík til Keflavíkur hefði að öllum líkindum mikil áhrif á innanlandsflugið. Flug yrði áfram til Grímseyjar, Ísafjarðar og Egilsstaða en líklegt er að Vestmannaeyjaflug leggist af og farþegum á leiðinni Akureyri – Reykjavík, sem nú vegamikill hluti alls innanlandsflugs, fækki verulega.

Félagsleg og hagræn áhrif slíkrar breytingar á byggð á Akureyri og í Eyjafirði hafa ekki verið metin sérstaklega. Í drögum að stefnumarkandi samgönguáætlun 2011-2022 er lagt til að gerð verði félagshagfræðileg úttekt á framtíð áætlunarflugs innanlands og „teknar

<sup>16</sup> ParX-viðskiptaráðgjöf. Hagræn úttekt á sex valkostum fyrir framtíðarstaðsetningu Reykjavíkurlflugvallar. Kostnaður og ábatagreining. <http://www.innanrikisraduneyti.is/verkefni-raduneytis/flugmal/utgefni/nr/27067>

<sup>17</sup> Ályktun dregin af framsöguerindum og umræðum á málþingi Háskólans í Reykjavík um flugmál 19. janúar 2012.



upp viðræður milli ríkisins og Reykjavíkurborgar og tryggt að Reykjavíkflugvöllur geti áfram þjónað innanlandsflugi á fullnægjandi hátt.<sup>18</sup>

Hins vegar virðist stefna Reykjavíkurborgar einbeitt og miðast við gildandi aðalskipulag þar sem gert er ráð fyrir að flugvöllurinn víki úr Vatnsmýrinni í tveim áföngum. Með fyrri áfanga þeirrar breytingar 2016 verður völlurinn óhæfur til að sinna hlutverki sínu og eru líkur á að það kalli á flutning starfseminnar strax þá til Keflavíkur. Vatnsmýrarsvæðið er talið verðmætt byggingarland vegna legu sinnar og stærðar og sjá menn fyrir séð að uppbygging þar geti breytt eiginleikum borgarinnar. Í því sambandi má benda á sem gagnrök að allir aðrir hlutar borgarinnar halda áfram að vera sundruð bílaborg hvað sem uppbyggingu í Vatnsmýri líður.

Á vissan hátt þjónar innanlandsflugið sama hlutverki og lestakerfi annarra landa og mætti þannig líta á það sem almenningssamgöngur. Flugstöðina í Reykjavík mætti þannig bera saman við járnbrautarstöðvar í höfuðborgum nágrannalandanna, sem undantekningarlaust eru í eða við miðborgirnar. Frá sjónarhóli landsbyggðar má einnig setja þessa miðstöð flugsamgangna í samhengi við hlutverk Reykjavíkur sem höfuðborgar og spyrja hvaða áhrif það hefði á hlutverk borgarinnar ef allar flugsamgöngur færðust annað.

## 7.1.1 STJÓRN FLUGMÁLA

### HLUTVERK OG MARKMIÐ FLUGMÁLASTJÓRNAR

Flugmálastjórn Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir innanríkisráðuneytið. Stofnunin fer með stjórnslu og eftirlit á sviði loftferða hér á landi og á íslensku yfirráðasvæði. Stofnunin annast samskipti við alþjóðastofnanir og flugmálayfirvöld annarra ríkja og sér til þess að flugöryggis- og flugverndarviðmið, uppfylli alþjóðakröfur og skuldbindingar eftir því sem kveðið er á um í lögum um stofnunina, lögum um loftferðir og alþjóðasamningum. Flugmálastjórn Íslands stuðlar jafnframt að framgangi flugs á Íslandi og fylgist með íslenskum flugrekendum um allan heim.<sup>19</sup>

### HLUTVERK OG MARKMIÐ ISAVIA

Hlutverk Isavia er að annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla og lendingarstaða á Íslandi. Einnig annast Isavia alla flugleiðsöguþjónustu sem Ísland veitir fyrir alþjóðlegt flug og innanlandsflug.<sup>20</sup>

Stefna Isavia er m.a. að tryggja að flugöryggi sé í samræmi við viðurkenndar öryggiskröfur og aðferðir, að flugvernd<sup>21</sup> sé fullnægjandi og að starfsemi félagsins njóti viðurkenningar á innlendum sem alþjóðlegum vettvangi.

## 7.2 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

### 7.2.1 AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2005-2018

Akureyrarflugvöllur er afmarkaður sem landnotkunarreitir í aðalskipulagi Akureyrar.

#### Markmið um Flugsamgöngur:

- **Akureyrarflugvöllur verði eflur sem miðstöð flugsamgangna á Norðurlandi.**
  - Flugbraut verði lengd í samræmi við samþykkt deiliskipulag.

<sup>18</sup> Samgönguáætlun 2011-2022. Drög að stefnumótun. Samgönguráð maí 2011. <http://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/nr/27918>

<sup>19</sup> Vefsíða Flugmálastjórnar: <http://www.caa.is/Flugmalastjorn/Hlutverkmarkmid/>

<sup>20</sup> Vefsíða Isavia: <http://www.isavia.is/?PageID=276>

<sup>21</sup> Flugvernd (Aviation Security): Samband af ráðstöfunum og mannlegum og náttúrulegum úrræðum til að vernda almenningsflug gegn ólöglegum aðgerðum. Heimild: <http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=083312a2-0409-4de3-a389-07050ef4df6e>

- o Vinna þarf að gerð göngustíga milli flugvallarins og miðbæjar.

Vinnu við lengingu flugbrautar er lokið. Enn er ólokið áformuðum endurbótum á öryggissvæðum flugvallarins (innan marka flugvallarsvæðisins). Undirbúningur er hafinn að gerð göngustíga milli miðbæjar og flugvallar.

### **7.2.2 DEILISKIPULAG**

Í gildi er deiliskipulag Akureyrarflugvallar frá 2005 með síðari breytingum.

### **7.2.3 AÐALSKIPULAG EYJAFJARÐARSVEITAR 2005-2025**

Fylgiskjal með aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar er uppdráttur er sýnir öryggissvæði Akureyrarflugvallar. (Sjá nákvæmari útfærslu á mynd 7.1.)

### **7.2.4 SKIPULAGSREGLUR FYRIR AKUREYRARFLUGVÖLL**

3. október 2011 voru samþykktar skipulagsreglur fyrir Akureyrarflugvöll til samræmis við heimild í 59. grein laga um loftferðir nr. 60/1998.

Tilgangur og markmið reglnanna er:

- að marka skýra og gagnsæja stefnu um leyfða starfsemi innan flugvallarins,
- að tryggja flugöryggi vallarins með því að binda í skipulag hæðartakmarkanir sem nauðsynlegar eru vegna öryggis flugvallarstarfseminnar, og reglur um notkun sýnilegra lasergeisla sem nauðsynlegar eru vegna öryggis flugvallarstarfseminnar,
- að einfalda umfjöllun og ákvarðanatöku um starfsemi innan vallarins og hæðir húsa innan og í nágrenni flugvallarins.

Reglurnar hafa meðal annars að geyma fyrirmæli um starfsemi og starfsheimildir innan flugvallarins, reglur um hindranafleti í nágrenni flugvallarins og á aðflugs- og fráflugsleiðum að flugvælinum auk reglna um notkun sýnilegra lasergeisla sem nauðsynlegar eru vegna öryggis flugvallarstarfseminnar. Hindranafletirnir hafa í för með sér hæðartakmarkanir á byggingum og öðrum mannvirkjum á áhrifasvæði vallarins sem nær til Akureyrarbæjar og sveitarfélaganna í nágrenni Akureyrar.<sup>22</sup>

### **7.2.5 SAMGÖNGUÁÆTLUN**


Lögð hafa verið fram drög að samgönguáætlun 2011-2022 þar sem fjallað er m.a. um ákveðin grundvallarsjónarmið um samgöngur á landi, lofti og legi. Í gildi er samgönguáætlun 2003-2014 ásamt fjögurra ára áætlun 2009-2012 sem samþykkt var 2010.<sup>23</sup> Í fjögurra ára áætluninni eru tilgreindar framkvæmdir á Akureyrarflugvelli.

---

<sup>22</sup> <http://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/nr/27299>

<sup>23</sup>

<http://www.innanrikisraduneyti.is/verkefni/malaflokkar/samgonguaetlun/samgonguaetlanir/samgonguaetlun-2009-2012/>



Mynd 7.1. Yfirlitsuppdráttur skilgreindra hindrunarsvæða fyrir Akureyrarflugvöll.

## 8 IÐNAÐARSVÆÐI

Umfjöllun um iðnaðarsvæði og nýjar hafnir fléttast saman þar sem stefnt er að uppbyggingu iðnaðarsvæðis í tengslum við nýja höfn á Dysnesi á Gálmaströnd.


Í svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018, sem fellt hefur verið úr gildi, var miðað við að iðnaðarsvæði utan þéttbýlis, sem voru 5 ha eða stærri, skyldu tilgreind í svæðisskipulagi. Nú hafa öll sveitarfélögin unnið aðalskipulag, sem nær til alls lands þeirra (staðfest eða á lokastigi) þannig að svæðisskipulagið gegnir ekki lengur sama hlutverki og áður þegar aðalskipulag tók einungis til þéttbýlisstaða.

Í gamla svæðisskipulaginu var eitt af meginmarkmiðunum að stóriðja<sup>24</sup> yrði reist í Eyjafirði.<sup>25</sup> Í samræmi við sett markmið var 120 ha svæði sunnan við Dysnes afmarkað til þeirra nota en auk þess gert ráð fyrir flutningslínunum raforku (220 kV) að svæðinu og hafnargerð.

Áherslur hafa breyst, m.a. með stefnu stjórnvalda um uppbyggingu stóriðju við Húsavík auk þess sem afmörkun iðnaðarsvæðisins við Dysnes hefur verið breytt í aðalskipulagi Arnarneshrepps (nú Hörgársveitar) þannig að þar er nú gert ráð fyrir um 59 ha athafna-, iðnaðar- og hafnarsvæði.

### 8.1 STAÐA

Iðnaðarstarfsemi í Eyjafirði er fyrst og fremst matvælaíðnaður og ýmis konar smáiðnaður. Iðnaðarstarfsemi breyttist mikið með falli Sambandsins og fjölbreytts reksturs þess fyrir um 20 árum en samvinnufélögin ráku m.a. öflug iðnfyrirtæki á Akureyri. Nokkur stór iðnfyrirtæki eru nú á svæðinu, m.a. nýleg aflþynnuverksmiðja í Krossanesi á Akureyri sem framleiðir vörur til notkunar í hátækniíðnaði. Einnig eru á svæðinu minni sérhæfð iðnfyrirtæki s.s. í lyfjaiðnaði og öðrum greinum.



Grunnstoðir atvinnulífsins á svæðinu, landbúnaður, fiskveiðar hafa breyst talsvert undanfarna áratugi. Mun færri starfa í þessum greinum nú en áður þótt framleiðsla hafi aukist. Afleiddar atvinnugreinar, iðnaður og þjónustugreinar eru þungamiðja atvinnulífsins og er líklegt að helst verði vöxtur í þjónustugreinum hvers konar á næstu árum eins og undanfarin ár.

Iðnaðarsvæði eru skilgreind í aðalskipulagi sveitarfélaganna. Engin eiginleg iðjuver eru á skipulagssvæðinu.

Mynd 8.1


<sup>24</sup> Skilgreining stóriðju (Heavy Industry), lausleg þýðing og umorðun:

Vefsíður t.d.: [http://www.investopedia.com/terms/h/heavy\\_industry.asp](http://www.investopedia.com/terms/h/heavy_industry.asp),

<http://www.businessdictionary.com/definition/heavy-industry.html>

Atvinnufyrirtæki sem krefjast mikillar fjárfestingar í þungavélum og stórum iðjuverum. Sá hluti hagkerfisins sem byggist á miklum fjárfestingum og tiltölulega litlu vinnuafl. Stóriðja raskar yfirleitt umhverfi sínu með mengun eða öðrum hætti. Framleiðsluvörur stóriðju fara yfirleitt ekki til almennra neytenda. Í erlendum skilgreiningum er hugtakið ekki tengt orkunotkun eins og hér á landi (orkufrekur iðnaður).

<sup>25</sup> Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018. Greinargerð (2002), kafli 2.2.4 Stóriðja.



Mynd 8.2

## 8.2 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Í aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 er afmarkað 107 ha iðnaðarsvæði á Árskógssandi fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi, sem er talin geta haft mengun í för með sér. Nálægð við þéttbýli og fjarlægð frá stórri höfn setja starfsemi einhverjar skorður. 66 kV flutningslína raforku (Dalvíkurlína) liggur skammt frá svæðinu en ekki er á þessu stigi gert ráð fyrir öflugri flutningslínunum í skipulagi.

59 ha svæði með blandaðri landnotkun (athafnasvæði, iðnaðarsvæði, hafnarsvæði) er skilgreint í aðalskipulagi Arnarneshrepps (nú Hörgársveitar) á Dysnesi.

## 9 EFNISTÖKUSVÆÐI

---

### 9.1 VIÐFANGSEFNI

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Eyjafjarðar leitaði til Náttúrufræðistofnunar Íslands eftir greinargerð og sjónamiðum um efnisnám og efnistökmöguleika til framtíðar í Eyjafirði. Halldór G. Pétursson (HGP) jarðfræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands vann greinargerðina en þar er gerð grein fyrir mörgum grundvallaratriðum og sjónarmiðum, sem ber að hafa hliðsjón af í umfjöllum um efnisnám til framtíðar.<sup>26</sup>

Uppbygging og viðhald mannvirkja, sem nauðsynleg eru í byggð og samfélagi, krefst aðgangs að jarðefnum með hentuga eiginleika. Afla þarf jarðefna til húsbygginga, vegagerðar og annarra mannvirkja s.s. hafna og brimvarna. Efnisnám getur haft varanlegar breytingar í för með sér á landslagi og náttúrufari en einnig eru til námur, sem endurnýjast á lengri eða skemmri tíma.

Þótt skipulagstímabil svæðisskipulagsins sé örstutt á jarðsögulegum tímakvarða er nauðsynlegt að líta til nýtingarsjónarmiða til langs tíma á okkar tímatali, jafnvel alda. Í skýrslu HGP er spáð í möguleg eða hugsanleg efnistökmöguleiki til langrar framtíðar. Slík svæði verða ekki afmörkuð á skipulagi á þessu stigi en ástæða er til að hefja nauðsynlegar rannsóknir, sem eru forsenda efnisnáms, t.d. af sjávarbotni.

Þörf fyrir jarðefni til bygginga og annarra framkvæmda er að jafnaði mest á Akureyri. Þar eru flestar efnisnámur fullnýttar og takamarkaðir möguleikar á frekari vinnslu. Grjótnáma í Ystaási í Krossanesi, þar sem numið er efni með eftirsóknarverða eiginleika m.a. til vegagerðar, er langt komin en þar er gert ráð fyrir landmótun undir iðnaðarlóðir að efnisnámi loknu. Minni háttar efnistaka er í endurnýjanlegri námu í Damminum ofan Glerárstíflu. Hún er nefnd hér sem dæmi um auðlind sem endurnýjast jafn óðum. Engar stórar efnisnámur eru í Fjallabyggð en efni úr Héðinsfjarðargöngum er sem næst fullnýtt. Talsvert efni mun koma úr Vaðlaheiðargöngum, sem nýtast mun til vegagerðar og annarra framkvæmda. Helstu efnistökmöguleikar á landi eru í Hörgárbyggð og Eyjafjarðarsveit. Þessi ójafna dreifing landsins gæða að þessu leyti er ástæða þess að nauðsyn er talin á sameiginlegri stefnu sveitarfélaganna um efnisnám þar sem það eru hagsmunir þeirra allra að hafa aðgang að góðum og hentugum jarðefnum.

### 9.2 STAÐA

#### 9.2.1 ÚTDRÁTTUR ÚR SKÝRSLU NÍ

Töluverðir byggingarefnistökmöguleikar eru á Eyjafjarðarsvæðinu sem nýta má í framtíðinni. Þá er einnig efnistaka hugsanleg á sjávarbotninum í firðinum, en frekari jarðfræðirannsóknir eru nauðsynlegar áður en hægt skera úr um hvort þeir möguleikar séu raunhæfir (sjá mynd 8.1).

Í skýrslunni er gefið yfirlit um helstu efnistökmöguleika í sveitarfélögum á svæðinu, rætt um gerð og gæði efnis í hinum ýmsu jarðmyndunum og bent á þá þætti sem takmarkað gætu efnisnám.


Byggingarefni á Eyjafjarðarsvæðinu er aðallega unnið úr þrennskonar jarðmyndunum: Í fyrsta lagi úr malarhjöllum frá síðjökultíma, sem yfirleitt eru óshólmar fornra jökulfljóta sem mynduðust þar sem jöklar gengu í sjó við hærri sjávarstöðu í lok ísaldar. Efnisvinnsla í þessar myndanir er ekki sjálfbær því þær endurnýjast ekki við þær aðstæður sem eru í dag. Í öðru lagi úr áreyrum stærstu vatnsfallanna á svæðinu, sem er framburður þeirra á nútíma eða síðan jöklar hurfu í lok ísaldar. Efnisvinnsla í áreyrar telst

---

<sup>26</sup> Halldór G. Pétursson. *Efnisnám og efnistökmöguleikar á Eyjafjarðarsvæðinu*. Unnið fyrir Samvinnunefnd um Svæðisskipulag Eyjafjarðar. Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyri apríl 2011, NÍ-11002.

sjálfbær, því hlutar þeirra endurnýjast, en reyndar oft á mjög löngum tíma. Við efnistöku úr áreyrum verður að taka tillit til tveggja vatnsverndarsvæða, í Hörgárdal og Svarfaðardal, en einnig þess að malareyrar umhverfis árfarvegi eru mikilvægar seiða-  
uppeldisstöðvar. Mælt er með að efnistaka úr áreyrum sé ekki stunduð án undanfarandi lífríkisrannsókna og skv. ráðgjöf fiskifræðinga. Í þriðja lagi er grjótnám á nokkrum stöðum í nokkurra milljón ára gamlar berggrunnsmýndanir og er sú efnisvinnsla ekki sjálfbær.

Í Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Eyjafjarðarsveit og Grýtubakkahreppi eru miklir efnistöcumöguleikar og þar eru stórar námur sem koma til með að endast í töluverðan tíma. Í þremur sveitarfélögum, Fjallabyggð, Akureyri og Svalbarðsstrandarhreppi eru litlir efnistöcumöguleikar eða námur þegar fullnýttar. Tvö síðastnefndu sveitarfélög eru það vel í sveit sett að stutt er að sækja byggingarefni í önnur sveitarfélög þar sem miklir námumöguleikar eru. Í Fjallabyggð er efnisnám þegar hafið á sjávarbotni í Siglufirði.



Mynd 9.1




## 9.2.2 YFIRLIT YFIR EFNISTÖKUMÖGULEIKA

Hér eru teknir saman þeir efnistökmöguleikar, sem nefndir eru í skýrslu Halldórs G. Péturssonar jarðfræðings. Í yfirlitinu á myndum 9.2 - 9.6 er lagt gróft mat á þá út frá umfjöllun HGP og þeim gögnum öðrum, sem fyrir liggja um viðkomandi svæði. Matsatriðum er gefið vægi táknað með lit sbr. eftirfarandi skýringarmynd.

-  Engin/jákvæð áhrif
-  Mikil/neikvæð áhrif
-  Á ekki við
-  Óviss áhrif
-  Háð útfærslu

Fjallabyggð 									
	a	b	c	d	e	f	g	h	i
Staður	Gerð - efni	Náttúrufravendarsvæði	Sérstakar jarðmyndanir og vistkerfi. Landslag	Endurnýjanleiki	Vatnsvernd	Forminjar	Núv. landnotkun	Samgöngur, aðgengi	Eignarhald / Annað
Fb-1 Staðarhóll	Sjávarbotn-eyri					ATH. Verksmiðjuleifar			
Fb-2 Mynni Siglufjarðar	Sjávarbotn jökulbrún								
Fb-3 Mynni Ólafsfjarðar	Sjávarbotn jökulbrún								

Mynd 9.2

Dalvíkurbyggð 									
	a	b	c	d	e	f	g	h	i
Staður	Gerð - efni	Náttúrufravendarsvæði	Sérstakar jarðmyndanir og vistkerfi. Landslag	Endurnýjanleiki	Vatnsvernd	Forminjar	Núv. landnotkun	Samgöngur, aðgengi	Eignarhald / Annað
Db-1 Hríshöfði	Malarhjalli óshólmar. Möl	Friðland Svartfæla		Enginn					
Db-2 Hálsá	Ár-/aurkeila. Gróf mól			Hæg		Við minjavendarsvæði			
Db-3 Hálishöfði	Grjótnám. Berg	Hverfisvernd	Jökulminjar	Enginn		Á minjavendarsvæði			
Db-4 Skakkibakki-Bakki	Áreyri. Sandur-möl		Lífríki árinna Landslag	Mjög hæg	Vatnsból	Í grennd	Tún		
Db-5 Tungufell-Urðir	Áreyri. Mól		Lífríki árinna Landslag-áberandi	Mjög hæg	Fjarsvæði vatnsverndar		Tún	Erfið aðkoma	
Db-6 Sandá-Kot	Áreyri. Mól		Lífríki árinna Landslag	Hæg	Fjarsvæði vatnsverndar		Tún	Auðveld aðkoma. Langt frá stórtotendum	
Db-7 Skiðadalur	Áreyri. Mól-steinar		Lífríki árinna Landslag	Tiltölulega ör	Fjarsvæði vatnsverndar			Auðveld aðkoma. Langt frá stórtotendum	
Db-8 Litla-Árskógsmóar	Jökulársandur. Mól/sandur		Áberandi svæði	Enginn		Sveitarlangur	Skógrækt?		
Db-9 Helluhöfði	Grjótnám. Berg			Enginn					
Db-10 Hauganes	Grjótnám. Berg			Enginn					
Db-11 Voghóll/Múlinn	Sjávarbotn-jökulbrún? Mól?								
Db-12 Árskógssandur	Sjávarbotn-eyri? Sandur/mól?								

Mynd 9.3

Hörgársveit									
	a	b	c	d	e	f	g	h	i
Staður	Gerð Efni	Náttúruvarverndarsvæði	Sérstakar jarðmyndanir og vistkerfi. Landslag	Endurnýjanleiki	Vatnsvernd	Fornminjar	Núv. landnotkun	Samgöngur, aðgengi	Eignarhald / Annað
Hs-1 Hörgárgrunn	Sjávarbotn, óshólmar. Sandur/möl	★ Hörgársás á Náttúru-minjaskrá	★	★	★	★ Ath. áhrif landbrots á Gásakaupstað	★	★	❓ Rannsóknir nauðsynlegar. Umhverfismat
Hs-2 Nunnuhólmí	Sjávarbotn-eyri. Sandur/möl	★	★	★	★	★	★	★	❓ Rannsóknir nauðsynlegar
Hs-3 Lónsmelar	Malarhjalli/óshólmar. Mól	★ Í grennd verndarsvæða	★ Jökulminjar	★	★	★ Í grennd við Gása	★	★	❓
Hs-4 Djúparbakkibjörg-Moðruvellir	Malarhjalli/óshólmar. Mól	★	★ Áberandi	★	★	★ ATH.	★ Byggð, tún	★	❓
Hs-5 Laugaland	Áreyri. Mól	★	★ Áberandi. Lífríki árinna. Bakkarof	★	★	★?	★?	★	❓
Hs-6 Skógar-Melar	Áreyri. Mól	★	★ Lífríki árinna. Rof	★	★ Grannsvæði vatnsbóla	★?	★?	★	❓
Hs-7 Hörgárdalur framhluti	Áreyri. Mól	★	★ Lífríki árinna	★ Tiltölulega ör	★ Fjarsvæði vatnsbóla	★?	★?	★	❓
Hs-8 Barká	Áreyri/árkeila. Gróf mól	★	★ Lífríki árinna ★ Mjög áberandi og óraskað landform.	★ Tiltölulega ör	★ Fjarsvæði vatnsbóla	★?	★?	★?	❓
Hs-9 Öxnadalur framhluti	Áreyri/árkeila. Gróf mól	★ Á Náttúru-minjaskrá	★ Lífríki árinna ★ Áberandi og óraskað landform.	★	★ Fjarsvæði vatnsbóla	★?	★	★ Langt frá markaði	❓
Hs-10 Moldhaugaháls	Grjótnám. Berg	★	★	★ Enginn	★	★?	★?	★	❓
Hs-11 Glæsibær	Malarhjalli. Mól/sandur	★	★ Breytt landslag	★ Enginn	★	★?	★ Tún	★	❓ Lítið magn. Óviss gæði

Mynd 9.4

Eyjafjarðarsveit									
	a	b	c	d	e	f	g	h	i
Staður	Gerð - efni	Náttúruvarverndarsvæði	Sérstakar jarðmyndanir og vistkerfi. Landslag	Endurnýjanleiki	Vatnsvernd	Fornminjar	Núv. landnotkun	Samgöngur, aðgengi	Eignarhald / Annað
Es-1 Leirur	Ósar/áreyri. Finn sandur	★ Hverfisvernd. Á Náttúru-minjaskrá	★ Lífríki árinna	★ Hægur	★	★?	★	★	❓
Es-2 Staðarey-Hrafnagil	Áreyri. Sandur	★	★ Lífríki árinna	★ Hægur	★	★?	★	★	❓
Es-3 Innan við Grund	Áreyri. Mól	★	★ Lífríki árinna	★?	★	★?	★	★	❓
Es-4 Eyjafjarðardalur	Áreyri. Mól	★	★ Lífríki árinna	★ Tiltölulega hraður	★	★?	★	★ Fjarlægð frá markaði	❓
Es-5 Munkaþverá	Áreyri/árkeila. Mól	★	★	★?	★	★?	★?	★	❓
Es-6 Núpá	Áreyri/árkeila. Mól	★	★ Ósnert land, gróð, áberandi	★ Tiltölulega hraður	★	★?	★?	★?	❓ Óviss gæði
Es-7 Djúpidalur	Áreyri/árkeila. Mól	★	★ Óraskað land, landslag	★?	★	★?	★?	★	❓
Es-8 Hvammur	Grjótnám. Berg	★	★	★ Enginn	★	★	★	★	❓ Lítil náma?

Mynd 9.5

Grýtubakkahreppur									
	a	b	c	d	e	f	g	h	i
Staður	Gerð - efni	Náttúruvarverndarsvæði	Sérstakar jarðmyndanir og vistkerfi. Landslag	Endurnýjanleiki	Vatnsvernd	Fornminjar	Núv. landnotkun	Samgöngur, aðgengi	Eignarhald / Annað
Gb-1 Grenivík	Jökulbrún. Gróf mól/sandur	★	★	★	★	★	★	★	❓ Nýtt sem byggingarland að vinnslu lokinni
Gb-2 Fnjóskáreyrar	Áreyri. Mól-sandur	★ Hverfisvernd. Á Náttúru-minjaskrá og Náttúru-verndaráætlun	★ Lífríki og gróðurfar	★?	★	★?	★	★	❓
Gb-3 Laufásgrunn	Sjávarbotn/óshólmar. Sandur-mól	★	★	★?	★	★	★	★	❓ Óvissa. Engar rannsóknir.

Mynd 9.6

## 9.3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

### 9.3.1 STÓRAR EFNISNÁMUR Í AÐALSKIPULAGI SVEITARFÉLAGANNA FJALLABYGGÐ

Engin matsskyld náma er innan sveitarfélagsins.

#### DALVÍKURBYGGÐ

Engin matsskyld náma er innan sveitarfélagsins.

#### HÖRGÁRSVEIT

Tvær námur eru er matsskyldar:

- Björg
- Grjótnáma á Moldhaugahálsi.

Nú liggja fyrir rannsóknir á seiðastofnum á vatnasvæði Hörgár og mat á ánni og hliðarám hennar m.t.t. uppeldis bleikjuseiða (Veiðimálastofnun 2011).

#### AKUREYRARKAUPSTAÐUR

Engin matsskyld náma er innan sveitarfélagsins.

#### EYJAFJARÐARSVEIT

Tvær námur eru er matsskyldar:

- Þveráreyrar í landi Þverár (ES16).
- Þveráreyrar í landi Ytri-Hóls (ES18).

Nú liggja fyrir rannsóknir á seiðastofnum á vatnasvæði Eyjafjarðará og mat á ánni og hliðarám hennar m.t.t. uppeldis bleikjuseiða (Veiðimálastofnun 2008). Eyjafjarðarsveit hefur unnið skipulag efnistöku úr Eyjafjarðará.

#### SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR

Engin náma háð mati á umhverfisáhrifum.

#### GRÝTUBAKKAHREPPUR

Engin náma er háð mati á umhverfisáhrifum.

#### ÖNNUR MÖGULEG EFNISTÖKUSVÆÐI YFIR 50.000 M<sup>2</sup> EÐA 15.000 M<sup>3</sup>

- Hörgá
- Munkaþverá

### 9.3.2 ÁKVÆÐI LAGA

#### SKIPULAGSLÖG NR. 123/2010

Úr 1. gr. **Markmið.**

Markmið laga þessara er:


-----

- að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,

Um efnistöku gilda ákvæði 13. greinar skipulagslaga um framkvæmdaleyfi.

#### LÖG UM NÁTTÚRUVERND NR. 44/1999

Um efnistöku gilda ákvæði VI kafla laganna, greinar 45 - 49.



Mynd 9.7

## 10 VATNSVERND

---

### 10.1 VATNSVERND

#### 10.1.1 STAÐA

Vatnsverndarsvæði voru skilgreind í svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018. Nokkur fjarsvæði ná yfir sveitarfélagamörk auk þess sem vatnsverndarsvæði í einu sveitarfélagi geta nýst því næsta. Því er því talin ástæða til þess að vatnsverndarsvæði verði hluti svæðisskipulagsins.

Í aðalskipulagi sveitarfélaganna á skipulagssvæðinu eru vatnsverndarsvæði skilgreind að mestu leyti í samræmi við svæðisskipulagið frá 1998. Uppdrættir hafa verið bornir saman og samræmdir. Sjá mynd 10.1.

### 10.2 TENGLI VIÐ LÖG, REGLUGERÐIR OG AÐRAR ÁÆTLANIR

#### 10.2.1 LÖG OG REGLUGERÐIR

##### LÖG UM HOLLUSTUHÆTTI OG MENGUNARVARNIR NR. 7/1998

###### I. kafli. Markmið, skilgreiningar og framkvæmd.

1. gr. Markmið þessara laga er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengduðu umhverfi.

##### VATNALÖG NR. 20/2006.

###### 1. gr. Markmið

Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni, skynsamleg vatnsnýting og hagkvæm og sjálfbær nýting vatns.

Við hvers konar nýtingu vatnsréttinda samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að raska ekki vatni, farvegi þess, lífríki þess, vistkerfum eða landslagi umfram það sem nauðsynlegt er.

##### LÖG UM STJÓRN VATNAMÁLA NR36/2011

###### 1. gr. Markmið

Markmið laga þessara er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Til að ná fram markmiðum laga þessara skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun.

###### 2. gr. Gildissvið (hluti)

Lög þessi taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósvatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap, sbr. viðauka I.


###### 11. gr. Flokkun vatnshlota<sup>27</sup> og umhverfismarkmið (hluti)

Flokka skal vatn í vatnshlot og gerðir vatnshlota og meta þau. Í vatnaáætlun skulu sett umhverfismarkmið sem eru í samræmi við ákvæði þessa kafla.

---

<sup>27</sup> Vatnshlot (enska: body of water) er viss eining af vatni, oft afmörkuð sem t.d. allt það vatn sem er að finna í einu vatni, s.s. Mývatni. Hugtakið vatnshlot er oftast notað um mikið magn af vatni, en getur þó einnig tekið til grunnvatns, tjarna og mýrarvatns. Vatn sem rennur í ám og fljótum t.d. er þó ekki hægt að fella undir vatnshlot, þar eð erfitt er að afmarka það. <http://is.wikipedia.org>

SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR  
SKÝRINGARUPPDRÁTTUR



Mynd 10.1. Núverandi vatnsverndarsvæði í aðalskipulagi sveitarfélaganna

## 19. gr. Vatnaáætlun (hluti)

Umhverfisstofnun skal annast gerð tillögu að vatnaáætlun í samræmi við viðauka II.

Ekki liggur fyrir vatnaáætlun á skipulagssvæðinu. Gert er ráð fyrir samþykkt fyrstu vatnaáætlunar 2018.

### REGLUGERÐ UM FRÁVEITUR OG SKÓLP. NR. 798/1999.

#### Fylgiskjal 2.

Umhverfismörk fyrir saurmengun yfirborðsvatns vegna holræsaútrása

### REGLUGERÐ UM VARNIR GEGN MENGUN VATNS NR. 796/1999.

#### I. kafli, markmið, gildissvið o.fl.

1.1 Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis þess af mannavöldum. Einnig er það markmið að takmarka afleiðingar mengunar sem þegar hefur orðið á vatni og að flokkun vatns lúti tilteknum reglum, sbr. ákvæði reglugerðarinnar.

1.2 Enn fremur er það markmið að stuðla að almennri verndun vatns.

Ákvæði eru um flokkun vatns eftir ástandi þess og gilda þau um yfirborðsvatn og grunnvatn hvarvetna á landinu.

Í 8. gr. reglugerðarinnar segir:

„8.1 Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn í samræmi við 9. og 10. gr. og með hliðsjón af fylgiskjali með reglugerðinni. Heilbrigðisnefndir skulu skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn og miða þau við flokka A og B, sbr. 9. gr.

8.2 Flokkun vatns gildir um yfirborðsvatn og grunnvatn hvarvetna á landinu. Á skipulagsupprætti svæðis- og aðalskipulags skulu koma fram langtímamarkmið, sbr. 1. mgr.”

Heilbrigðiseftirlit kannar og fylgist með ástandi helstu fallvatna á svæðinu. Flokkar A og B skv. 9. grein reglugerðarinnar eru „ósnotið vatn” (A) og „lítið snortið vatn” (B).

Sjá einnig Lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009.

#### VATNATILSKIPUN EVRÓPU

Vatnatilskipun Evrópu tekur til verndun vistgæða vatns og verður lögleidd á Íslandi eins og í öðrum Evrópuríkjum. Tilskipunin gengur út á að gæðum vatns í álfunni hraki ekki. Til að sýna fram á að það gerist ekki þarf hvert ríki að skila stöðuskýrslu um ástand vatns og síðan vöktunaráætlun.

#### Markmið tilskipunarinnar:

- Hindra frekari rýmun vatnsgæða og bæta ástand vistkerfa, og að svo miklu leyti sem vatn hefur áhrif á önnur vistkerfi, tekur tilskipunin einnig til þeirra
- Tryggja haldbæra vatnsnotkun með verndun nytjavatns
- Auka vernd og bæta vatnakerfi, t.d. með því að minnka eða stöðva losun “hættulegra” efna
- Stuðla að aðgerðum gegn flóðum.
- Að bæta ástand sjávar.

### **Mikilvægur tilgangur:**

Að koma á heilstæðri stjórn vatnsmála, sem nái til allra þátta vatnastjórnar, þar sem stjórnunareiningar nái yfir vatnasvið í heild. Stjórnunareiningar eiga því ekki að vera háðar sveitarstjórnarmörkum, en það þýðir samstarf nærliggjandi sveitastjórna um vatnastjórnun. Miðlægt stjórnvald fari með samræmingarhlutverk.<sup>28</sup>

## **10.2.2 FLOKKUN VATNS Í AÐALSKIPULAGI SVEITARFÉLAGA**

### **FJALLABYGGÐ**

Flokkun vatns og vatnsgæði skv. reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999:

Skipulagtillagan gerir ráð fyrir að sem langtímamarkmið fyrir strandsjó nærri þéttbýli sé raunhæft að stefna að því að hann sé í flokki B, en annað vatn skuli ná mörkum til að falla undir flokk A, til lengri tíma lítið.

### **DALVÍKURBYGGÐ**

Flokkun vatns og vatnsgæði sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999:

Sjór við strandlengju Dalvíkurbyggðar telst síður viðkvæmur viðtaki miðað við skilgreiningu reglugerðar um fráveitur og skólp.

Stefnt er að því að strandlengjan verði í flokki A sbr. skilgreiningu í 9. og 10. greinum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns með fyrirvara um þynningarsvæði þar sem skolpi er veitt til sjávar. Miðað verði við að þynningarsvæði nái ekki að strönd.

### **ARNARNESHREPPUR**

Engin ákvæði.

### **HÖRGÁRBYGGÐ**

Stefnt er að flokkun vatnasvæða.

Sjávarströndin við Hörgárósa er skilgreind í verndarflokki I, vegna varna gegn sjávarmengun í samræmi við gr. 4.21 í skipulagsreglugerð.

### **AKUREYRARKAUPSTAÐUR**

Sjór við stendur Akureyrar telst viðkvæmur viðtaki miðað við skilgreiningu reglugerðar um fráveitur og skólp. Stefnt er að því að strandlengjan verði í flokki B (lítið snortið vatn) sbr. skilgreiningu í 9. og 10. greinum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns. Vinna skal áætlun um það hvernig komist verði hjá mengun Glerár vegna sigvatns frá sorphauninum á Glerárdal. Einnig skal vinna áætlun í samvinnu við Hörgárbyggð um varnir gegn skólpmengun í Lónsá frá byggð og landbúnaði norðan árinna. Stefnt er að því að vatnasvæði ána verði í flokki A (ósnortið vatn) sem er raunhæft markið sem unnt er að ná á 10-20 árum.

### **EYJAFJARÐARSVEIT**

Nákvæmari rannsóknir verði gerðar á vatnsbúskap í sveitarfélaginu og gæðum vatns.

### **SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR**

Stefnt er að því að strandlengjan verði í flokki B (lítið snortið vatn) sbr. skilgreiningu í 9. og 10. greinum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns.

Öll vötn og tjarnir eru felld undir flokk A, ósnortið vatn. Þessi svæði hafa öll verndargildi vegna fuglalífs og gróðurfars auk þess sem sum þeirra hafa ákveðið

---

<sup>28</sup> Helgi Jensson, Umhverfisstofnun: Vatnatilskipun Evrópusambandsins.



útivistargildi. Kanna skal ástand Svalbarðstjarnar vegna hugsanlegrar mengunar frá gamalli fráveitu og vinna aðgerðaáætlun ef ástæða þykir til.

Stefnt er að því að sveitarstjórn (heilbrigðisnefnd), í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit og Umhverfisstofnun, meti ástand vatnasvæða í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og áburðarefna.

## GRÝTUBAKKAHREPPUR

Í gildi er aðalskipulag Grenivíkur 1987-2007. Í auglýstri tillögu að nýju aðalskipulagi eru eftirfarandi ákvæði:

Stefnt er að því að strandlengjan verði í flokki A sbr. skilgreiningu í 9. og 10. greinum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns með fyrirvara um þynningarsvæði þar sem skolpi er veitt til sjávar. Miðað verði við að þynningarsvæði nái ekki að strönd.

Stefnt er að því að allar ár, lækir, vötn og tjarnir verði í flokki A, ósnortið vatn. Þessi svæði hafa öll verndargildi vegna fuglalífs og gróðurfars auk þess sem sum þeirra hafa ákveðið útivistargildi.

Stefnt er að því að sveitarstjórn (heilbrigðisnefnd), í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit og Umhverfisstofnun, meti ástand vatnasvæða í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og áburðarefna.

## 10.3 STRANDSVÆÐI EYJAFJARÐAR

### 10.3.1 STAÐA

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (HNE) hefur tekið saman meginhluta eftirfarandi yfirlits yfir stöðu fráveitumála þéttbýlisstaða við Eyjafjörð. Umfjöllun um Siglufjörð er frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra.

Uppdrættir HNE sýna sýnatökustaði (hlaupandi númer) og földa saurkóligerla í 100 ml. Viðmiðunarmörk eru sett við 100 saurkóligerla í 100 ml<sup>29</sup>. Þar sem eru hagsmunir í matvælavinnslu, ferðaþjónustu og útivist á fjöldi saurkóligerla í 100 ml ekki að fara yfir 100.<sup>30</sup> Þar sem fjöldi þeirra fer yfir 200 telst ástandið slæmt.


### SIGLUFJÖRÐUR

„Ekki er um neina hreinsun á fráveituvatni frá íbúabyggð [að ræða] .... Á umliðnum árum hefur áherslan í framkvæmdum við fráveituna í bænum verið að afleggja útrásir sem opnast inn í Siglufjarðarhöfn. Það liggja fyrir rannsóknir frá verkfræðistofunni Vatnaskilum frá árinu 2000, um hversu útrásir þurfi að liggja langt út í fjörðinn til þess að uppfylla sér íslenskar kröfur í fráveitureglugerð um leyfilega mörk gerlamengunar. Á veturna þegar lítillar sólar nýtur við þá lifa saurkóligerlar lengi í sjónum og þurfa fráveitulagnir að ná gríðarlangt út í Siglufjörð til þess að tryggja að mengun fari ekki yfir viðmiðunarmörk. Umræddar fráveitulagnir eru kostnaðarsamar og umdeilanlegt hvort að réttlætanlegt sé fyrir fámennst sveitarfélag mæta kröfunum þar sem kröfurnar eru strangari en gerðar eru til gerlamengunar á baðströndum Evrópu.“<sup>31</sup>

<sup>29</sup> Reglugerð um fráveitur og skólp. Nr. 798/1999. Fylgiskjal 2. Umhverfismörk fyrir saurmengun yfirborðsvatns vegna holræsaútrása.

<sup>30</sup> Reglugerð um mengun vatns. Nr. 796/1999. Fylgiskjal A, Umhverfismörk fyrir örverumengun í yfirborðsvatni vegna útivistar.

<sup>31</sup> Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra: Minnisblað fyrir Umhverfisstofnun vegna óskar um skil á upplýsingum um stöðu fráveitumála á Norðurlandi vestra 1. apríl 2010.



Mynd 10.2. Siglufjörður. Sýnatökustaðir.<sup>32</sup>

Stöð	Fjarlægð frá útrás m	Fjöldi saurkóli gerla		Meðaltal
		23/7/1997	5/8/1997	
1		0	0	0
2		50	1730	890
3		42	15	28.5
4		100	22	61
5		22	110	66
6		18000	10400	14200
7		11	71	41
8a	10	18	9	13.5
8b	20	10	10	10
8c	50	11	58	34.5
8d	100	29	5	17

Tafla 10.1. Gerlamælingar á Siglufirði. Sýnataka 1997.<sup>22</sup>

## ÓLAFSFJÖRÐUR

Skólp er losað í höfnina og nokkuð hefur borið á því að fiskvinnslufyrirtæki losi fiskúrgang í fráveitu með tilheyrandi ágangi hvítfugls.

Brýnt að gera úrbætur á fráveitu í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp; ekki síst vegna hagsmuna fiskvinnslu, ferðaþjónustu og útivistar.

<sup>32</sup> Náttúrustofa Vestfjarða. Athugun á skólpmengun við sjö þéttbýlisstaði. Áfangaskýrsla 1. 2002

## DALVÍK



Mynd 10.3. Dalvík. Sýnatökustaðir og mæligildi.

Höfn og strandlengja eru hrein eftir þær úrbætur sem Dalvíkurbyggð hefur gert á fráveitu Dalvíkur; þ.e. að leiða allt skólp um nýja útrás á talsvert dýpi norðan við höfnina. Þessi framkvæmd er til mikillar fyrirmyndar og hefur gjörbreytt ástandi í höfn og fjörum Dalvíkur. Dalvíkurbyggð á eftir að byggja hreinsivirki á Dalvík.

## ÁRSKÓGSSANDUR



Mynd 10.4. Árskógssandur. Sýnatökustaðir og mæligildi.

Skólp er losað í sjó við höfnina og þar gætir skólpmengunar. Útrásir þarf að lengja og koma fyrir hreinsivirki.

## HAUGANES



Mynd 10.5. Hauganes. Sýnatökustaðir og mæligildi.

Skólp er losað í sjó norðan við höfnina og þar gætir skólpmengunar. Útrásir þarf að lengja og koma fyrir hreinsivirki.

## HJALTEYRI




Mynd 10.6. Hjalteyri. Sýnatökustaðir og mæligildi.


Skólp er losað í sjó við höfnina og þar gætir skólpmengunar. Útrásir þarf að lengja og koma fyrir hreinsivirki. Útrás var lengd s.l. sumar og stendur til að endurtaka gerlamælingar.

## AKUREYRI

Skólp losað í sjó norðan við Sandgerðisbót og við Krossanes og höfnin við Sandgerðisbót er menguð. Mikil skólpmengun á svæðinu frá Krossanesi og suður fyrir flotkví og að vetrarlagi stækkar mengunarskugginn vegna lengri drápstíma gerla í myrkri og kulda. Sýni frá 12. des. s.l. sýndu mikla skólpmengun á allri strandlengjunni frá Þórsnesi að Leiruvegi. Afar brýnt að gera úrbætur á fráveitu Akureyrarbæjar í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp; ekki síst vegna hagsmuna matvælavinnslu, ferðaþjónustu og útivistar á svæðinu.



Myndir 10.7. Akureyri. Sýnatökustaðir og mæligildi.



Myndir 10. 8. Akureyri. Sýnatökustaðir og mæligildi.

## HRÍSEY



Mynd 10.9. Hrísey. Sýnatökustaðir og mæligildi.

Skólp er losað í sjó sunnan við höfnina nálægt fiskverkunarhúsum og þar gætir skólpmengunar í fjöru. Höfnin er hrein. Útrásir þarf að lengja og koma fyrir hreinsivirki.

Brýnt að gera úrbætur á fráveitu í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp; ekki síst vegna hagsmuna fiskvinnslu, ferðaþjónustu og útivistar.

## GRÍMSEY

Skólp er losað í sjó við höfnina. Hugsanlega er hægt að koma fyrir rotþróum og siturlögnum ofarlega í fjörukambi í stað þess að hemja útrás í sjó fram.



## GRENIVÍK



Mynd 10.11. Grenivík. Sýnatökustaðir og mæligildi.

Skólþ er losað í sjó við bryggju talsvert sunnan við höfnina og þær gæti skólþmengunar í fjörum. Frárennsli frá frystihúsi er leitt í sjó norðan við hafnargarð og þar gæti skólþmengunar. Höfnin er að jafnaði hrein. Útrásir þarf að lengja í sjó fram og koma fyrir hreinsivirki. Brýnt að gera úrbætur á fráveitu í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólþ; ekki síst vegna hagsmuna fiskvinnslu, ferðaþjónustu og útivistar.

### 10.3.2 ÁSTAND HELSTU FALLVATNA

Fyrir liggur flokkun helstu vatnsfalla í Eyjafirði, sem unnin var af Háskólasetrinu í Hveragerði fyrir Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra. Þar er fjallað um Glerá, Hörgá, Svarfáðardalsá<sup>33</sup> og Fnjóská<sup>34</sup>. Þar er gerð grein fyrir ítarlegum mælingum og greiningu þeirra. Meginniðurstöður eru teknar saman í eftirfarandi töflu og er þar miðað við flokkun vatns samkvæmt folkunarkerfi reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Flokkur	Mengunarástand	Litamerking á skipulagsupphráttum
A	Ósnortið vatn	Blátt
B	Lítið snortið vatn	Grænt
C	Nokkuð snortið vatn	Gult
D	Verulega snortið vatn	Appelsínugult
E	Ófullnægjandi vatn	Rautt

Mynd 10.12. Mengunarflokkar vatns.

<sup>33</sup> Háskólasetrið í Hveragerði, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra. Flokkun vatna á Norðurlandi eystra, Eyjafjarðará, Glerá, Hörgá og Svarfáðardalsá. Febrúar 2004.

<sup>34</sup> Háskólasetrið í Hveragerði, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra. Flokkun vatna á Norðurlandi eystra, Fnjóská, Skjálfafljót og Laxá í Þingeyjarsýslu. Mars 2006.



	Eyjafj.á			Glerá			Hörgá			Svarf.d.á			Fnjóská		
	Raun- verulegt ástand	Náttúru- legt ástand	Meng- unar- ástand	Raun- verulegt ástand	Náttúru- legt ástand	Meng- unar- ástand	Raun- verulegt ástand	Náttúru- legt ástand	Meng- unar- ástand	Raun- verulegt ástand	Náttúru- legt ástand	Meng- unar- ástand	Raun- verulegt ástand	Náttúru- legt ástand	Meng- unar- ástand
Saur- kóli	II	I	B	II	I	B	I	I	A	II	I	B	I	I	A
t-P	I	I	A	II	I	B	II	I	B	II	I	B	I	I	A
PO <sub>4</sub>	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A	II	II	A
t-N	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A
NH <sub>4</sub>	I	I	A	III	I	C	I	I	A	II	I	B	I	I	A
TOC	II	I	B	I	I	A	I	I	A	I	I	A	II	II	A
Cu	II	II	A	II	II	A	II	II	A	II	II	A	I	II	A
Zn	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A
Cd	II	II	A	II	II	A	II	II	A	II	II	A	II	II	A
Pb	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A
Cr	II	II	A	II	II	A	I	II	A	II	II	A	II	II	A
Ni	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A
As	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A	I	I	A

Mynd 10.13. Mengunarflokkun Eyjafjarðarár, Glerár, Hörgár, Svarfaðardalsár og Fnjóská.

Í skýrslunum eru lögð til langtímamarkmið um náttúrulegt ástand (mengunarflokk A) fyrir öll flokkunatriði. Gert er ráð fyrir að flokkunin gildi fyrir allar þverár ána þar til þær verða flokkaðar sérstaklega. Mununrinn á umhverfismarkaflokkum fyrir raunverulegt og náttúrulegt ástand segir til um mengunarflokkunina (sjá flokka A-E á mynd 10.12).

### 10.3.3 FLOKKUN VIÐTAKA

Árið 2008 lét Akureyrarbær vinna tillögu að skilgreiningu á Eyjafirði sem viðtaka skólps sbr. ákvæði reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólps<sup>35</sup>. Í viðauka II, liðum A og B, í reglugerðinni eru viðmiðanir um hvaða svæði skuli talin viðkvæm eða síður viðkvæm. Samkvæmt grein 20.3 skulu sveitarstjórnir senda tillögur að skilgreiningu viðtaka, sem er síður viðkvæmur til Umhverfisstofnunar ásamt fullnægjandi gögnum. Stofnunin metur gögnin út frá viðauka II og staðfestir skilgreininguna.

Í tillögunni eru teknar saman upplýsingar um formfræðilega og vatnafræðilega eiginleika Eyjafjarðar, magn og styrk frárennslis í útrás Akureyrarbæjar og dreifingu skólps í firðinum. Færð eru fyrir því rök að fjörðurinn skuli skilgreindur sem síður viðkvæmur viðtaki.

Helstu rök eru eftirfarandi:<sup>1</sup>

- „Fjörðurinn er djúpur og sjávarstraumar í firðinum eru talsverðir. Endurnýjunartími sjávar er einnig hraður í firðinum eða 9-10 dagar.
- Tegundafjöldi og fjölbreytileiki dýralífs í Eyjafirðinum er nokkuð mikill og engar vísbendingar eru um næringarauðgun eða súrefnisþurrð. Rannsóknir Hafrannsóknastofnunar gefa til kynna að upptaka næringarefna sé hröð í firðinum og að þau næringarefni sem berast til sjávar með skólpi séu nýtt jafnóðum í firðinum.
- Rannsókn botnлага hefur leitt í ljós að ekki á sér stað uppsöfnun lífrænna efna innst í firðinum.
- Rennslismælingar og efnagreiningar á frárennslis Akureyrarbæjar gefa til kynna að styrkur mengandi efna er innan eðlilegra marka.
- Staðsetning útrásarops verður um 450 metra frá landi á um 40 metra dýpi.
- Dreifingarlíkan fyrir nýja útrás Akureyrarbæjar gefur til kynna að 1000 föld þynning á sér stað utan svæðis sem nær aðeins nokkra tugi metra frá útrásaropi.

<sup>35</sup> Línuhönnun verkfræðistofa. *Eyjafjörður. Tillaga að skilgreiningu á viðtaka*. Akureyrarbær, 8. júlí 2008.

Utan þynningarsvæðis útrásar verða kröfur reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp uppfylltar.

Með vísan til þess sem á undan hefur komið og viðmiða í Viðauka II, B-hluta í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp er því lagt til að Eyjafjörðurinn verði skilgreindur sem síður viðkvæmur viðtaki.”

Að öðru leyti vísast til skýrslu Línuhönnunar frá 2008.

## 10.4 HEITT VATN, JARÐHITI

### 10.4.1 STAÐA

Á Eyjafjarðarsvæðinu er eingöngu um að ræða lághita eins og jafnan gerist á blágrýtissvæðum landsins. Yfirleitt er vatnsmagnið fremur takmarkað á hverjum stað og hitastig þess yfirleitt á bilinu 20-90°. Heitast hefur það fundist á Laugalandi á Þelamörk, 103°C.

Lághitasvæðin eru allmörg og sum hver nokkuð stór. Stærst virkjaðara svæða er Hrafnagil-Laugaland-Kristnessvæðið í Eyjafjarðarsveit. Jarðhitasvæðið að Reykjum í Fnjóskadal er utan skipulagssvæðisins en þar er jarðhita aflað fyrir Reykjaveitu sem sér byggð í Fnjóskadal og stórum hluta Grýtubakkahrepps fyrir heitu vatni.


Jarðhitasvæðin hafa verið rannsökuð nokkuð ítarlega á síðari árum með jarðeðlisfræðilegum mælingum og borunum og ennþá finnast nýir staðir sem hugsanlega má virkja.<sup>36</sup>

Yfirlitsuppdráttur sýnir þá staði í Eyjafirði þar sem jarðhiti hefur fundist. Uppdrátturinn er byggður á gögnum frá ÍSOR (desember 2010). Staðsetning jarðhitasvæða er ákvörðuð af jarðfræðingum ÍSOR og eru svæðin merkt þar sem jarðhiti er þekktur. Það getur ýmist verið vegna yfirborðshita eða jarðhiti hefur fundist við borun og frekari rannsóknir. Grunnforsendan er sú að hiti sé hærri en grunnhitastigull og oftast er vatn til staðar á yfirborði eða í borholum. Á þessu stigi eru staðirnir merktir með punktum sem eru sem næst miðju eða hámarki jarðhita á viðkomandi svæði. ÍSOR vinnur að því að afmarka jarðhitann sem svæði eða fláka með meiri nákvæmni í samvinnu við Orkustofnun.

Ekki verða sett nein ákvæði í svæðisskipulagi um jarðhita og jarðhitanytingu. Yfirlitsuppdrátturinn (mynd 8.2) er settur fram til skýringar og fróðleiks til þess að stuðla að góðri umgengni um jarðhitaauðlindina.

---

<sup>36</sup> Byggt á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018, forsendur, náttúrufar - byggð. 15. maí 2002.



Mynd 10.14

# 11 FLUTNINGSLEIÐIR RAFORKU

## 11.1 VIÐFANGSEFNI

Svæðisskipulag Eyjafjarðar tekur til flutningslína fyrir raforku milli landshluta, þ.e. 132 kV og 220 kV lína. Ekki verður fjallað um dreifikerfi innan héraðs í svæðisskipulaginu (66 kV, 33 kV og 11 kV kerfi). Stofnlagnir annarra veitukerfa verða skilgreindar í aðalskipulagi sveitarfélaganna.

Í svæðisskipulagi Eyjafjarðar verður gerð grein fyrir legu nýrra flutningslína raforku um Hörgársveit, Akureyri og Eyjafjarðarsveit auk hugsanlegs línustæðis frá Moldhaugahálsi að Dysnesi. Skipulagið mun taka til meginleiða án tillits til þess hvort um loftlínur eða jarðstrengi verður um að ræða.

## 11.2 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

### 11.2.1 AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGA

#### HÖRGÁRBYGGÐ

Gert er ráð fyrir nýrri flutningslínu fyrir raforku um Öxnadal/Hörgárdal að mestu samsíða núverandi Rangárvallalínu 1. Einnig er gert ráð fyrir flutningslínu til norðurs frá Moldhaugahálsi að Dysnesi í Arnarneshreppi.

#### AKUREYRARKAUPSTAÐUR


Gert er ráð fyrir nýjum flutningslínunum raforku um Eyrarlandsháls að Kífsá (og Rangárvöllum) og til norðurs út Kræklingahlíð. Hugsanlegar breytingar á legu línanna þarf að skilgreina með formlegri breytingu á aðalskipulaginu.

#### EYJAFJARÐARSVEIT


Ekki er gert ráð fyrir nýrri flutningslínu raforku frá Akureyri til austurs eins og áformuð er.

### 11.2.2 KERFISÁÆTLUN LANDSNETS

Landsnet gefur árlega út Kerfisáætlun til fimm ára í senn. Þar er sett fram yfirlit yfir þróun og áætlanir næstu ára.



Mynd 11.1. Orkunotkun 2005-2009 auk framtíðarspár um orkunotkun árin 2010-2015. Kerfisáætlun Landsnets 2011-2015.




Myndir 11.2. Almenn raforkunotkun á landinu öllu og Norðurlandi. Rauntölur 2000-2009, spá fram til 2015. Kerfisáætlun Landsnets 2011-2015.

Samkvæmt raforkuspá er gert ráð fyrir að almennt álag aukist að jafnaði um 1,8% á ári fram til 2015. Álagsaukning er mismikil eftir landsvæðum.

Á Norðurlandi hefur álag að mestu staðið í stað síðastliðin ár. Munar þar mestu um samdrátt í notkun ótryggðrar orku. Fram til ársloka 2015 er gert ráð fyrir að almenn álagsaukning nemi að jafnaði 0,8% á ári.

Talin er þörf á styrkingu Byggðalínunnar, sem getur verið mjög viðkvæm fyrir truflunum. Flutningsgetu hennar má bæta með styrkingu og/eða spennuhækkun. Hafinn er undirbúningur að byggingu nýrrar 220 kV línu milli Blöndu og Akureyrar, Blöndulínu 3. Einnig er til athugunar ný lína milli Kröflu og Akureyrar auk annarra lína, sem ekki tengjast skipulagssvæðinu.


Helsta viðfangsefni næstu ára verður tenging við aflþynnuverksmiðju á Akureyri. Orkuþörf verksmiðjunnar verður u.þ.b. fimm sinnum meiri en það rafmagn sem Eyjafjarðarsvæðið notar árlega. Gert er ráð fyrir stækkun tengivirkis á Rangárvöllum og öðrum jarðstreng að verksmiðjunni.



Mynd 11.3. Styrking Byggðalínunnar á Norðurlandi.

Í svæðisskipulagi verður gert ráð fyrir styrkingu Byggðalínu með nýjum 220 kV línunum, Blöndulínu 3 og nýrri línu frá Kröflu. Blöndulína 3 mun liggja á svipuðum slóðum og Byggðalínan um Öxnadal, Hörgárdal, um Moldhaugaháls inn Kræklingahlíð að Kífsá og Rangárvöllum. Lega nýrrar línu frá Kröflu er ekki fastákveðin. Þó er miðað við að hún verði mun ofar á Eyrarlandshálsinum ofan Akureyrar en núverandi línur. Útfærsla á þverun Eyjafjarðar liggur ekki fyrir.

Í svæðisskipulagi verður einnig gert ráð fyrir tengingu iðnaðar- og hafnarsvæðis á Dysnesi við flutningskerfi Landsnets.



Mynd 11.4. Flutningskerfi Landsnets 2011.

### 11.2.3 MARKMIÐ LAGA RAFORKULÖG

#### I. kafli. Markmið og gildissvið.

##### 1. gr. Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Í því skyni skal:

1. Skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendningar og annarra almannahagsmuna.
2. Stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku.
3. Tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda.
4. Stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og taka tillit til umhverfis-sjónarmiða að öðru leyti.

Lagaákvæði eiga fyrst og fremst við rekstur, viðskipti, leyfisveitingar o.fl. sem ekki snertir viðfangsefni svæðisskipulagsins beint, þ.e. legu flutningslína raforku.